

BREYTINGARTILLÖGUR

Dæmasafn og leiðbeiningar

Mars 2014

EFNISYFIRLIT

1. ALMENNT	7
1.1 Um breytingartillögur í 46. gr. laga um þingsköp Alþingis	7
1.2 Fyrirsögn breytingartillögu	7
1.3 Flutningsmenn	8
1.4 Umræður	8
1.5 Uppsetning	9
1.6 Almenn um breytingar	11
1.7 Athugasemdir til skýringar	11
1.8 Um atkvæðagreiðslu	12
1.9 Afleiðingarbreytingar	12
1.10 Skammstafanir	13
1.11 Hugtök	13
1.12 Breytingar á flóknum þingsályktunartillögum	14
2. BREYTTUR TEXTI	16
2.1 Munurinn á „í stað ... komi“ og „orðist svo“	16
2.2 Breytt orðalag	18
2.2.1 Stakt orð	18
2.2.2 Orðaruna	18
2.2.3 Á fleiri en einum stað	18
2.2.4 Margháttadar breytingar	19
2.2.5 Hvarvetna í frumvarpi eða hluta þess	19
2.2.6 Hvarvetna í frumvarpi eða hluta þess ásamt sambeygðum orðum	20
2.2.7 Dagsetning	20
2.2.8 Tala	20
2.2.9 Fjárhæð	21
2.2.10 Hlutfallstala	21
2.2.11 Tilvísun	21
2.2.12 Tollskrárnúmer, tollur og vörugjald	21
2.2.13 Í töflu	22
2.2.14 Með annarri leturgerð	22
2.3 Breyttur málsliður	22
2.3.1 Einn	22
2.3.2 Fleiri en einn	23
2.3.3 Fleiri málsliðir koma í stað færri	23
2.3.4 Færri málsliðir koma í stað fleiri	24
2.3.5 Málsliður fluttur	24
2.3.6 Málsliður verður málsgrein	24
2.3.7 Inngangsmálsliður	25
2.3.8 Inngangsmálsliður og fyrirsögn	25
2.3.9 Efnismálsliður	25
2.4 Orðskýring/skilgreining	25
2.5 Breyttur efnisliður	26
2.6 Breyttir liðir	26
2.6.1 Töluliðir	26

2.6.2	Staflíðir	26
2.6.3	Ásamt breyttri röð	26
2.6.4	Breytt röð liða	27
2.6.5	Fækkun liða	27
2.6.6	Breyttir liðir (t.d. í áætlunum af ýmsu tagi)	28
2.7	Breytt málsgrein	28
2.7.1	Ein málsgrein	28
2.7.2	Fleiri málsgreinar	28
2.7.3	Sömu málsgrein breytt í mörgum greinum	28
2.7.4	Efnismálsgrein	29
2.7.5	Ein málsgrein (eða fleiri) verður tvær málsgreinar (eða enn fleiri)	29
2.7.6	Tvær eða fleiri málsgreinar verða færri	29
2.7.7	Breytt röð málsgreina	30
2.7.8	Málsgrein verður málsliður	30
2.7.9	Málsgreinanúmer.	30
2.8	Breytt tillögugrein	30
2.9	Breytt grein	31
2.9.1	Ein grein breytist	31
2.9.2	Breytt grein ásamt fyrir sögn	31
2.9.3	Greinum fjölgað	31
2.9.4	Greinum fækkað	32
2.9.5	Breytt röð greina	32
2.9.6	Breytt greinarfyrirsögn	32
2.9.7	Breytt fyrir sögn lagagreinar í breytingalagafrumvarpi	33
2.10	Breyttur kafli	33
2.10.1	Í frumvarpi	33
2.10.2	Í þingsályktun (áætlun)	34
2.10.3	Kaflanúmer	34
2.10.4	Kaflafyrirsögn	34
2.10.5	Breytt fyrir sögn í þingsályktunartillögu	34
2.11	Breytt ákvæði til bráðabirgða	34
2.12	Breyttur viðauki	35
2.13	Breytt fylgiskjal	35
2.14	Breyting á tollskrá (tollur, tollskrárnúmer, tolltaxti)	35
2.15	Breytt tafla	35
2.16	Aðrar breytingar	36
2.17	Breytt fyrir sögn frumvarps eða þingsályktunartillögu	36
3.	VIÐBÓT	38
3.1	Orðalag	38
3.2	Viðbót orða	38
3.2.1	Á eftir tilteknu orði eða orðum	38
3.2.2	Sama viðbót á eftir tilteknu orði eða orðum á fleiri en einum stað	38
3.2.3	Á undan tilteknu orði eða orðum	38
3.2.4	Aftast í málslið	38
3.2.5	Aftast í staflíð eða tölulíð	39
3.2.6	Aftast í málsgrein	39

3.2.7	Aftast í fleiri en einni málsgrein	39
3.2.8	Aftast í grein	39
3.3	Nýr tollflokkur	39
3.4	Ný neðanmálsgrein	39
3.5	Nýr málslíður	40
3.5.1	Aftast í tiltekinni málsgrein eða lið	40
3.5.2	Aftast í tilteknum málsgreinum eða liðum	40
3.5.3	Á eftir tilteknum málslíð	40
3.5.4	Á tilteknum stað	41
3.5.5	Nýr málslíður ásamt staf- eða töluliðum	41
3.6	Nýr liður (töluliður eða stafliður)	41
3.6.1	Einn liður aftast í tiltekna grein, málsgrein eða lið	41
3.6.2	Einn liður með tilteknu númeri (staf)	42
3.6.3	Tveir eða fleiri liðir	42
3.6.4	Með nýrri grein	42
3.7	Nýr liður búinn til í grein sem var ekki liðskipt	43
3.7.1	Einn liður	43
3.7.2	Fleiri en einn liður	44
3.8	Ný skilgreining eða orðskýring	44
3.9	Ný málsgrein	44
3.9.1	Á eftir tiltekinni málsgrein	44
3.9.2	Á eftir tiltekinni málsgrein og með tilteknu númeri til skýringar	44
3.9.3	Með tilteknu númeri	44
3.9.4	Aftast í grein	45
3.9.5	Aftast í ákvæði til bráðabirgða	45
3.9.6	Sama breytingin á mörgum greinum	45
3.10	Ein ný grein	45
3.10.1	Á eftir tiltekinni grein	45
3.10.2	Á undan tiltekinni grein (fremst í kafla)	45
3.10.3	Með tiltekið númer	45
3.10.4	Á eftir tiltekinni grein og með tiltekið númer	45
3.10.5	Með tiltekið númer og í tiltekinn kafla	45
3.10.6	Aftast í frumvarpið	45
3.10.7	Með fyrirsögn	46
3.11	Fleiri nýjar greinar	46
3.11.1	Á eftir tiltekinni grein	46
3.11.2	Á undan tiltekinni grein	46
3.12	Ný grein ásamt fyrirsögn	46
3.13	Nýjar greinar ásamt fyrirsögnum	47
3.14	Ný greinarfyrirsögn	47
3.14.1	Ný fyrirsögn frumvarpsgreinar	47
3.14.2	Ný fyrirsögn lagagreinar í breytingalagafrumvarpi	47
3.15	Nýr kafla	47
3.15.1	Með einni nýrri grein	47
3.15.2	Með tveimur (eða fleiri) nýjum greinum	48
3.15.3	Með tveimur (eða fleiri) nýjum greinum ásamt fyrirsögnum	48
3.15.4	Fleiri kaflar	48

3.16	Ný kaflafyrirsögn	50
3.17	Kaflar númeraðir	50
3.18	Nýr þáttur með nýjum kafla	50
3.19	Nýtt/ný ákvæði til bráðabirgða	50
3.19.1	Eitt ákvæði	50
3.19.2	Tvö eða fleiri ákvæði	51
3.20	Nýtt fylgiskjal	51
3.21	Nýr viðauki	51
4.	BROTTFALL	52
4.1	Orð felld brott	52
4.1.1	Stakt orð	52
4.1.2	Orðaruna	52
4.1.3	Tilvísun	52
4.1.4	Tollskrárnúmer	52
4.1.5	Brottfall orðs og afleiðingarbreyting	53
4.2	Málsliðir felldir brott	53
4.3	Staflíðir og tölulíðir felldir brott	53
4.4	Málsgreinar felldar brott	54
4.5	Greinar felldar brott	54
4.6	Greinafyrirsagnir felldar brott	54
4.7	Kaflar felldir brott	54
4.8	Kaflafyrirsagnir felldar brott	55
4.9	Brottfall kaflaskiptingar og kaflafyrirsagna	55
4.10	Ákvæði til bráðabirgða felld brott	55
4.11	Viðauki felldur brott	55
4.12	Númer liða (í þingsályktunartillögu) felld brott	55
4.13	Allsherjarbrottfall	55
5.	ÝMISLEGT ANNAD	56
5.1	Breytingartillaga við fram komna breytingartillögu	56
5.2	Breytingartillaga við frumvarp eða þingsályktunartillögu og breytingartillögu á öðru þingskjali (breytingartillögu eða nefndaráliti).	56
5.3	Breytingartillaga í nefndaráliti	57
5.4	Frávísun	59
5.4.1	Tillaga til rökstuddrar dagskrár	59
5.4.2	Máli vísað til ríkisstjórnar (frávísunartillaga)	60
5.5	Varatillaga	61
5.6	Viðaukatillaga (afar sjaldgæft)	62
5.7	Greinargerð með breytingartillögu	63
5.8	„Efnisgrein“ frumvarps	64
5.9	Margþættar breytingar	64

1. ALMENNT

- ◇ Dæmi eru auðkennd með þessu tákni.

1.1 Um breytingartillögur í 46. gr. laga um þingsköp Alþingis

„Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en einni nóttu áður en þær koma til umræðu. Breytingartillögu má fylgja stutt greinargerð. Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við upphaf þess fundar er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu við frumvarp eða þingsályktunartillögu með jafnstuttum fresti.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella, má eigi bera upp aftur á sama þingi. Forseti úrskurðar hvort það er sama atriði sem gerð er tillaga um og áður hefur verið fellt og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.“

- Ekki hefur verið litið svo á að ákvæði 1. másl. 1. mgr. um útbýtingu „ekki síðar en einni nóttu áður en þær koma til umræðu“ eigi við breytingartillögur minni hluta eða einstakra þingmanna.

1.2 Fyrirsögn breytingartillögu

- Tilgreina skal nákvæmlega við hvaða frumvarp eða þingsályktunartillögu, eða fram komna breytingartillögu (eða breytingartillögu í nefndaráliti), breytingartillagan er gerð. Breytingartillaga getur verið við:
 - *frumvarp eða þingsályktunartillögu:*
 - ◇ við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o. fl.).
 - ◇ við tillögu til þingsályktunar um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og tiltekin álitæfni þeim tengd.
 - *fram komna breytingartillögu (þá kemur málsheitið fram innan hornklofa):*
 - ◇ við breytingartillögu á þingskjali 1098 [Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga].
 - *hvort tveggja (þá er óþarfi að hafa málsheitið innan hornklofa):*
 - ◇ við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 og breytingartillögu á þingskjali 391.
 - ◇ við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 og breytingartillögu á þingskjali 1368.

1.3 Flutningsmenn

- 2. mgr. 89. gr. þingskapa:

„Að flutningi máls skv. 37. og 45. gr., svo og breytingartillagna við það, geta staðið þingmenn, ráðherrar, þingflokkar og fastanefndir, sérnefndir eða alþjóðanefndir, svo og forsætisnefnd. Sama gildir um meiri hluta nefndar.“

- Breytingartillögu geta flutt einstakir þingmenn, ráðherrar, nefnd eða nefndarhlutar. Þegar nefndarhluti flytur breytingartillögu skal tilgreina nöfn þeirra þingmanna sem að nefndarhlutanum standa (skammstöfuð innan sviga) og gæta þess að hafa þau í sömu röð og undirskriftir þeirra eru í nefndaráliti (ef um það er að ræða).
- Ef flutningsmenn eru margir skal raða nöfnum þeirra smekklega í línur.
- Ekki má skipta nöfnum einstakra þingmanna milli lína.

- ◇ Frá velferðarnefnd.
- ◇ Frá meiri hluta fjárlaganefndar (VigH, LínS, HarB, ValG, WÞÞ).
- ◇ Frá minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar (AtlG, ÁsmD).
- ◇ Frá 1. minni hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar (BÁ, ÓN).
- ◇ Frá forsætisráðherra.
- ◇ Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.
- ◇ Frá Jóni Bjarnasyni, Atla Gíslasyni, Lilju Mósesdóttur, Ásmundi Einari Daðasyni og Telmu Magnúsdóttur.

1.4 Umræður

- Breytingartillögu má leggja fram við hvaða umræðu sem er en þær koma til afgreiðslu við 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp en síðari umræðu um þingsályktunartillögur.
- Miða skal breytingartillögu við frumvarp við rétt skjal, þ.e. breytingartillaga við 2. umræðu miðast við frumskjal en breytingartillaga við 3. umræðu miðast við frumvarpið eftir 2. umræðu, þ.e. stöðuskjalið, hafi orðið breytingar á frumvarpinu við 2. umræðu.
- Tilgreina skal í þingskjalinu við hvaða umræðu breytingartillagan er lögð fram.

- ◇ 140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 1077 — 138. mál.
2. umræða.
- ◇ 140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 934 — 59. mál.
3. umræða.
- ◇ 140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 1130 — 636. mál.
Síðari umræða.

1.5 Uppsetning

- *Skýr uppsetning*: Í breytingartillögu skal miða við að hafa uppsetninguna sem skýrasta.
- *Röð breytinga*: Röð breytinga skal fylgja greinatölu frumvarps eða röð efnisatriða þingsályktunartillögu og skulu breytingar jafnan númeraðar þannig að hver töluliður eigi við eina grein frumvarps en undirlíðir (staflíðir) eigi við um hverja breytingu innan greinar.
- *Inndrættir*: Gæta þarf þess vel að inndrættir undir töluliðum og staflíðum séu réttir. Aðalreglan er sú að eftir hverjum tölulið og staflíð er inndráttur, þ.e. vinstri jöfnun verður á textanum sem á eftir kemur. Þegar breyting á að verða á einstökum orðum eða málsliðum kemur tillögutextinn í beinu framhaldi af inngangsmálgrein en sé málgrein eða grein breytt eða bætt við eru höfð greinaskil. Þegar hvorki er töluliður né staflíður er aðeins notaður venjulegur málgreinarinndráttur.
- *Viðtengingarháttur*: Í fyrirmælum breytingartillagna eru sagnir hafðar í viðtengingarhátti (1. gr. *falli brott*).
- *Margháttaðar breytingar*: Ef breytingar eru margháttaðar er tilgreint í byrjun hvers töluliðar í hvaða grein breytingin á að verða (Við 1. gr.). Þá er óþarfi að endurtaka greinarnúmerið í fyrirmælunum (3. mgr. *falli brott*, ekki: 3. mgr. 1. gr. *falli brott*).
- *Greinarfyrirsögn*: Breyting á greinarfyrirsögn kemur á eftir tillögum sem breyta ákvæðum greinar nema öll greinin sé tekin upp undir einum lið ásamt fyrirsögn. Fyrirsögnin telst ekki hluti greinar.
- *Kaflafyrirsögn*: Breyting á kaflafyrirsögn kemur á eftir efnislegum breytingum á kaflanum.
- *Fyrirsögn frumvarps eða þingsályktunartillögu*: Breyting á fyrirsögn frumvarps eða þingsályktunartillögu er lokaliður breytingartillögu. Frumvörp og þingsályktunartillögur hafa **fyrirsögn** en lög og þingsályktanir hafa **heiti**.

- *Leturbreytingar*: Gæta skal þess að nota sömu leturbreytingar í breytingartillögu og í frumskjalinu, t.d. eru fyrirsagnir greina *skáletraðar* og kafla **feitletraðar**, nema hvað fyrirsagnir frumvarpa og tillagna eru hafðar með venjulegu letri. Leturbreytingar á fyrirsögnum í breytingalagafrumvörpum á að miða við útlit laganna í Stjórnartíðindum.
- ◇ 1. Við 1. gr.
 - a. 1. mgr. falli brott.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Markmið*.
- 2. gr. falli brott.
- 3. Fyrirsögn I. kafla verði: **Markmið**.
- 4. Við 1. mgr. 3. gr. bætist: og tillögurétt.
- 5. 2. másl. 2. mgr. 4. gr. orðist svo: Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
- 6. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: að vinna að rannsóknum á sviði stofnunarinnar.
- 7. 2. mgr. 6. gr. orðist svo:
 - Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.
- 8. 7. gr. orðist svo:
 - Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 2. gr. gildi 1. júlí 2020.
- 9. Ákvæði til bráðabirgða III falli brott.
- 10. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis.
- ◇ 3. gr. orðist svo:
 - 6. gr. laganna orðast svo:
 - Lánastofnanir skulu undanþegnar stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þær kunna að taka á sig.
- ◇ Í stað orðsins „þriðja“ í 2. másl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: öðru.
- ◇ Við 2. mgr. 5. gr. bætist: í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun.
- ◇ 1. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „lokið háskólaprófi og hafa menntun“ í 3. másl. 1. mgr. komi: menntun, þekkingu.
 - b. Við 4. mgr. bætist: og gjaldtöku skv. 9. gr.
- 2. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „og kennsla“ í 1. tölul. 2. mgr. komi: kennsla og úthlutun hjálpar-tækja.
 - b. 8. tölul. 2. mgr. falli brott.
- ◇ 7. Við ákvæði til bráðabirgða II.
 - a. Í stað orðanna „nýtt embætti seðlabankastjóra laust“ í 2. másl. komi: nýtt embætti seðlabankastjóra og nýtt embætti aðstoðarseðlabankastjóra laus.
 - b. 3. másl. falli brott.
 - c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 - Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra við gildistöku laga þessara setja tímabundið menn sem uppfylla skilyrði laga þessara í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra.

1.6 Almennt um breytingar

- Tilgreina skal nákvæmlega hvar breyttur texti á að koma í frumvarp eða frumvarpsgrein, eða tillögugrein. Nauðsynlegt er að athuga vel hvort breyta þarf öðru í textanum til samræmis, svo sem beygingarföllum, persónufornöfnum og tölubeygingu sagna. Í þessu sambandi er einnig rétt að huga að uppsetningu og orðfæri frumvarpsins eða þingsályktunartillögunnar til samræmis, sem og laganna sem breyta á.

1.7 Athugasemdir til skýringar

- Þegar númer greina breytist, grein fellur brott eða greinar bætast við, getur verið til hagræðis að hafa væntanlegt greinarnúmer innan sviga eða í kommu í inngangsmálgreininni til skýringar. Einnig getur verið gagnlegt að hafa aðrar skýringar innan sviga til að ekki fari á milli mála hverju verið er að breyta.
- ◇ Við 16. gr.
 - a. Við bætist ný málgrein **er verði 1. mgr.**, svohljóðandi:
Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.
 - b. Í stað orðanna „möguleikum á“ í síðari málslið 1. mgr., **er verði 2. mgr.**, komi: rétti þeirra til.
 - ◇ Við 9. gr., **er verði 11. gr.** Orðin „leitast við að“ í 2. mgr. falli brott.
 - ◇ Á eftir 5. gr., **sem verði 7. gr.**, komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo:
 - ◇ Við 42. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007.
 - b. Við 4. mgr. (**aðlögunartími vatnafélaga**): Í stað orðanna „1. janúar 2006“ komi: 1. janúar 2008.
 - Þegar breyta þarf staflið í frumvarpi sem bætir við lögum nýrri grein eða ákvæði til bráðabirgða með tilgreindu númeri er gott að hafa númer nýju greinarinnar eða ákvæðisins með innan sviga þegar vísað er til stafliðarins.
 - ◇ 1. mgr. e-liðar (**21. gr. c**) orðist svo:
 - ◇ Orðin „endurmeta og“ í 2. másl. 2. mgr. a-liðar (**35. gr. a**) falli brott.
 - ◇ G-liður (**56. gr. d**) orðist svo:
 - ◇ Orðin „laga nr. 87/1992“ í 1. másl. a-liðar 3. gr. (**III.**) falli brott.

1.8 Um atkvæðagreiðslu

- Hafa ber í huga hvernig atkvæði eru greidd um tillöguna, t.d. hvort tillaga er komin fram um svipað efnisatriði. Ef margar breytingartillögur eru komnar fram um grein eru fyrst greidd atkvæði um breytingartillögu við breytingartillögu, síðan breytingartillöguna eða tillögurnar og síðan greininna (svo breytta ef breytingartillögur hafa verið samþykktar). Ef viðaukatillaga kemur fram við frumvarpsgrein eru greidd atkvæði um hana síðast, þ.e. þegar frumvarpsgreinin (svo breytt) hefur verið borin upp.

1.9 Afleiðingarbreytingar

- Afleiðingarbreytingar eru breytingar sem eru afleiðing af breytingum sem gerðar eru með breytingartillögu en ekki þarf að gera breytingartillögu um og er breytt í stöðuskjali eða lokaskjali (lögum eða þingsályktun) eftir atvikum:
 - › **Fyrirmæli í breytingalagafrumvörpum:** Ef efnisbreyting sem gerð er með breytingartillögu hefur þær afleiðingar að breyta þarf fyrirmælum í breytingalagafrumvarpi þarf ekki að gera það með breytingartillögu heldur telst það afleiðingarbreyting: Ef fyrirmælin segja „Við lögin bætast tvær nýjar greinar, 15. og 16. gr., svohljóðandi:“ og í breytingartillögu er bætt við einni nýrri grein til viðbótar, sem verður 15. gr., þarf ekki að breyta fyrirmælunum með breytingartillögu heldur er þeim breytt í stöðu- eða lagaskjali eftir atvikum, þannig: „Við lögin bætast þrjár nýjar greinar, 15.–17. gr., svohljóðandi:“.
 - › **Númer og millivísanir:** Ef köflum, greinum, málsgreinum, staf- eða tölulíðum í frumvarpi til nýrra stofnlaga er fjölgað eða fækkað með breytingartillögu og það leiðir til breytinga á millivísunum þarf ekki að breyta millivísununum með breytingartillögu heldur telst það afleiðingarbreyting og er þeim þá breytt í stöðu- eða lokaskjali.
 - › **Greinarmerki á undan og eftir breyttum texta:** Ekki er þörf á að breyta greinarmerkjum á undan og eftir breyttum texta heldur teljast breytingar á þeim til afleiðingarbreytinga. Ef frumvarpstexti hljóðar svo: „Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og greiða má atkvæði um þær í einu lagi“ og fella á brott orðin „án nokkurs fyrirvara“ er ekki þörf á að tilgreina kommurnar í texta breytingartillögu: „Orðin „ , án nokkurs fyrirvara,“ í 2. mgr. falli brott.“ Heldur svona: „Orðin „án nokkurs fyrirvara“ í 2. mgr. falli brott.“ Kommurnar eru síðan fjarlægðar í stöðu- eða lokaskjali.
- Eftirtaldar breytingar teljast *ekki* afleiðingarbreytingar og þarf að breyta með breytingartillögu:
 - › Breytingar á fyrirsögn frumvarps eða þingsályktunartillögu, þ.m.t. ef efnisgreining breytist í kjölfar efnisbreytinga á frumvarpi.

- › Breytingar á gildistökuákvæði þegar einstakar greinar eru tilgreindar með mismunandi gildistöku og greinum frumvarpsins hefur verið fjölgað eða fækkað með breytingartillögu.

1.10 Skammstafanir

- Eftirtaldar skammstafanir eru notaðar í breytingartillögum sem og öðrum þingskjölum:
 - › samanber > sbr.,
 - › samkvæmt > skv. á undan tilvísunum í greinar, málsgreinar, staf- og töluliði o.fl. slíkt með númeri (eða bókstaf) (skv. 1. gr., skv. 2. mgr., skv. 3. tölul., skv. e-lið) en ekki annars (samkvæmt ákvæði 3. gr.), undantekningu frá þessari reglu má gera í upphafi málsgreinar,
 - › grein > gr., málsgrein > mgr., málsliður > másl., töluliður > tölul. þegar númer er hliðstætt orðinu (1. gr., 2. mgr., 3. másl., 4. tölul.) en annars ekki (tvær nýjar greinar, ný málsgrein, síðari málsliður, síðasti töluliðurinn).

1.11 Hugtök

- *Málsgrein* er sá hluti frumvarpsgreinar/lagagreinar eða tillögugreinar sem afmarkast af greinaskilum. Málsgrein getur líka verið sambærilegur hluti staf- eða töluliðar.
 - *Málsliður* er sá hluti frumvarpsgreinar/lagagreinar eða tillögugreinar sem afmarkast af punkti eða, í sumum tilvikum, af tvípunkti („setning“ í venjulegu máli).
 - *Inngangsákvæði* (*inngangsmálsgrein* (*formsmálsgrein*) eða *inngangsmálsliður*) er sá hluti breytingartillögu eða breytingalaga sem kveður á um hvar breytingin á að koma eða hvað á að breytast:
 - › Í inngangsákvæðum breytingartillagna eru sagnir í *viðtengingarhætti* (1. mgr. *falli* brott, 2. másl. *orðist* svo).
 - › Í inngangsákvæðum breytingalaga eru sagnir í *framsöguhætti* (1. mgr. *fellur* brott, 2. másl. *orðast* svo).
 - *Efnisákvæði* (*efnismálsgrein* eða *efnismálsliður*) er sá hluti breytingartillögu eða breytingalaga sem fella á inn í frumvarpstexta eða lagatexta. Efnismálsgrein skal tiltekin þegar gera á breytingu á breytingalagafrumvarpi til að taka af allan vafa um hvar viðkomandi breyting á að verða, sjá einni kafla 2.7.4.
- ◇ 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: (*Inngangsmálsgrein*)
Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. (*Efnismálsgrein*)

(Inngangsmálsliður)

(Efnismálsliður)

- ◇ 1. málsli. 5. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur Hæstiréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi.

1.12 Breytingar á flóknum þingsályktunartillögum

- Í flóknum þingsályktunartillögum getur verið snúið að vísa í staðinn þar sem breytingin á að verða, sjá einnig kafla 2.6.6.
- ◇ Í stað tilvísunarinnar „20. gr.“ hvarvetna í B- og C-lið kærutriða komi: 22. gr.
- ◇ Í stað orðanna „Ofbeldissjóð UN Women“ í d-lið 3. tölul. IV. liðar í kaflanum **Framkvæmd** komi: styrktarsjóð á vegum UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum.
- ◇ Fyrirsögn B-hluta orðist svo: **Vinumarkaður – launamisrétti kynjanna.**
- ◇ Við *B.4 Markmið*. Í stað orðsins „vímuefna“ komi: ávana- og vímuefna.
- ◇ Á eftir 5. tölul. markmiða í II. kafla komi nýr töluliður, svohljóðandi: Menningarstofnanir á landsvísu þjónusti íbúa landsbyggðarinnar eins og kostur er.
- ◇ Við kaflann **Stefnumörkun, innra og ytra starf.**
- ◇ Við kaflann „Leiðarljós stjórnvalda í málefnum lista og menningararfs“.
- ◇ Í stað orðanna „CERT-ÍS-öryggis- og viðbragðsteymi vegna ómissandi netþjónustu fyrir árslok 2011“ í l-lið 3. hluta tillögunnar komi: netöryggisveit Póst- og fjarskiptastofnunar til verndar ómissandi upplýsingainnvíðum gegn netárásum fyrir árslok 2012.
- *Í samgönguáætlunum:*
- ◇ Við liðinn 60 Vestfjarðavegur, 31–33 Eiði–Kjálkafjörður. Í stað tölunnar „634“ komi: 600; og í stað tölunnar „1.100“ komi: 1.072.
- ◇ Við kaflann **06-651 Samgönguverkefni** í 2. tölul. Við liðinn **Viðhald samtals** bætist 1.500 millj. kr. á 1. tímabili og 750 millj. kr. á 2. tímabili.
- ◇ Við sundurliðun einstakra gjaldaliða í 2. tölul. Liðirnir *Um Bjarnarfjarðarháls* og *Um Veiðileysuháls* í kaflanum **Norðvestursvæði** orðist svo:
- ◇ Við sundurliðun einstakra gjaldaliða í 4. tölul. Við liðinn *Strandavegur* í kaflanum **Norðvestursvæði** bætist tveir nýir liðir, svohljóðandi:
- ◇ Í stað „3.107“ árið 2011 í liðnum *1.07 Þjónusta* í kafla **5.1.2 Skipting útgjalda** komi: 3.427.

- ◇ Tafla 1 í kafla **2.2.1 Stofnkostnaður** orðist svo:
- ◇ Við bætist nýr liður, **4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði**, svohljóðandi:
- ◇ Við töflu 3-7 í kafla **3.2.1.3 Sjóvarnargarðar**. Liðurinn **Hafnarfjörður** í liðnum **SUÐ-VESTURKJÖRDÆMI** orðist svo:
- ◇ Við upptalningu á vegum í Suðurlkjördæmi í kafla **4.3.1 Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum**. Lýsingin á vegi 214, Kerlingardalsvegi, orðist svo: Af Hringvegi að Kerlingardal.
- ◇ Við upptalningu á vegum í Suðvesturkjördæmi í kafla **4.3.1 Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum** á þskj. 1368:
 - a. Lýsingin á Elliðavatnsvegi orðist svo: Af Breiðholtsbraut um Vatnsendaveg að bæjarmörkum Garðabæjar, (þaðan í Hafnarfjörð) og síðan á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
 - b. Við bætist tveir nýir vegir:
 - Kársnesbraut: Frá Hafnarfjarðarvegi um Vesturvör og að Kópavogshöfn.
 - Ásbraut: Frá Reykjanesbraut svo um Fornubúðir að Hafnarfjarðarhöfn.

2. BREYTTUR TEXTI

- Til þess að skýrt sé hverju verið er að breyta með tillögu hverju sinni skal forðast að taka upp allan málsliðinn eða alla málsgreinina, nema það sé óhjákvæmilegt, en reyna heldur að sýna breytinguna í eins knöppu formi og hægt er. Þannig verður tilgangurinn með breytingunni auðsærri.

2.1 Munurinn á „í stað ... komi“ og „orðist svo“

- Þegar einingarnar sem breyta á (málsliðir, stafliðir, töluliðir, málsgreinar, fyrirsagnir, greinar, kaflar o.s.frv.) eru jafnmargar eftir breytinguna er notað orðalagið „orðist svo“.
- ◇ 4. másl. 3. mgr. orðist svo:
- ◇ 1.–3. másl. 2. mgr. orðist svo:
- ◇ C-liður orðist svo:
- ◇ A–c-liður orðist svo:
- ◇ 4. tölul. orðist svo:
- ◇ 4.–6. tölul. orðist svo:
- ◇ Fyrirsögn II. kafla orðist svo:
- ◇ 2. mgr. 1. gr. orðist svo:
- ◇ 2.–3. mgr. orðist svo:
- ◇ 1. mgr. a-liðar (98. gr.) orðist svo:
- ◇ 3. gr. orðist svo:
- ◇ IV. kafli orðist svo:
- ◇ Ákvæði til bráðabirgða IV orðist svo:
- ◇ Fylgiskjal I orðist svo:
- ◇ Viðauki orðist svo:
 - Þegar einingarnar sem breyta á eru ekki jafnmargar eftir breytinguna er notað orðalagið „í stað ... komi“ og fjöldinn tilgreindur.
- ◇ Í stað 3. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

- ◇ Í stað 2. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
- ◇ Í stað 1.–3. másl. komi einn nýr málsliður, svohljóðandi:
- ◇ Í stað 3. tölul. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:
- ◇ Í stað a–b-liðar komi einn nýr stafliður, svohljóðandi:
 - Þegar breytt er stöku orði eða orðarunu er líka notað orðalagið „í stað ... komi“ hvort sem orðin eru jafnmörg eftir breytinguna eða ekki.
- ◇ Í stað orðsins „Hlutafélaginu“ í 1. mgr. komi: Félaginu.
- ◇ Í stað orðsins „yfirvöld“ í a-lið komi: síma- eða fjarskiptafyrirtæki.
- ◇ Í stað orðanna „hagnaður af sölu“ í 3. mgr. 19. gr. komi: kaupverð.
- ◇ Í stað orðanna „annað heimili í Reykjavík“ í 3. mgr. komi: annað heimili í Reykjavíkurkjördæmi suður eða norður eða Suðvesturkjördæmi.
- ◇ Í stað orðanna „100.000 krónum“ í 1. másl. 4. mgr. komi: 300.000 kr.
- ◇ Í stað orðanna „100 kW“ í a-lið 3. tölul. komi: 200 kW.
- ◇ Í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 2. mgr.
- ◇ Í stað ártalsins „2019“ í 1. gr. komi: 2006.
- ◇ Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2003“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1. mars 2004.
- ◇ Í stað tilvísunarinnar „skv. 1. mgr. 108. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. komi: skv. a–f-lið 1. mgr. 108. gr.
- ◇ Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 3. mgr.
- ◇ Í stað hlutfallstölunnar „25,75%“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: 21,75%.
- ◇ Í stað „321.900“ í 1. mgr. A-liðar komi: 329.948.
- ◇ Í stað „23. gr.“ í e-lið 1. mgr. komi: 28. gr.
- ◇ Í stað „EURO2“ komi: EUROIII.

2.2 Breytt orðalag

- Nauðsynlegt er að vísa nákvæmlega til staðsetningar þeirra orða sem breyta á þannig að ekki fari á milli mála hvaða orðum er verið að breyta.

◇ Í stað orðsins „og“ í 4. málsli. 2. tölul. 1. mgr. a-liðar (98. gr.) komi: eða.

2.2.1 Stakt orð

- ◇ Í stað orðsins „má“ í fyrri efnismálslið 3. gr. komi: skal.
- ◇ Í stað orðsins „lífeyrissparnaðarreikningar“ í 1. mgr. komi: innlánsreikningar.
- ◇ Í stað orðsins „stjórnar“ í 1. málsli. b-liðar (87. gr. b.) komi: stjórnar félaga skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr.
- ◇ Í stað orðsins „nituroxíð“ í skilgreiningu á hugtakinu „gróðurhúsalofttegundir“ komi: díkõfnunarefnisoxíð.
- ◇ Í stað orðsins „Peningamarkaðsskjöl“ í 7. tölul. komi: *Peningamarkaðsgerningar*.
- ◇ Í stað orðsins „vatnsveitugerðar“ í fyrirsögnum í 22. og 23. gr. komi: vatnsveitu.

2.2.2 Orðaruna

- ◇ Í stað orðanna „lokið háskólaprófi og hafa menntun“ í 3. málsli. 1. mgr. komi: menntun, þekkingu.
- ◇ Í stað „1. og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála“ í síðari málslið 2. mgr. komi: 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.
- ◇ Í stað orðanna „almannavarna- og öryggismálum“ í heiti II. kafla komi: almannavarnamálum.
- ◇ Í stað orðanna „og í stað orðanna „skv. 19. gr. læknalaga“ í d-lið 4. mgr. 27. gr. sömu laga“ í 2. tölul. 34. gr. komi: og orðið „læknalögum“ í 1. málsli. 4. mgr. 27. gr. sömu laga fellur brott og í stað orðanna „skv. 19. gr. læknalaga“ í d-lið sömu málsgreinar.

- *Málslið laumað inn á eftir orðarunu (sjaldgæft, e.t.v. ekki til eftirbreytni):*

◇ Í stað orðanna „31. desember 2013“ í 11. gr. komi: 31. desember 2012. Endurskoða skal ákvæði laga þessara innan árs frá gildistöku.

2.2.3 Á fleiri en einum stað

◇ Í stað orðanna „til 1. apríl 2009“ í 3. efnismgr. 1. og 2. gr. komi: til og með 31. desember 2009.

- ◇ Í stað orðanna „1. mars 2008“ í 18., 22., 29., 34., 37., 45., 49., 55., 59., 63., 70., 77., 80. og 85. gr. komi: 1. apríl 2008.
- ◇ Í stað orðsins „notendahópsins“ í 3. tölul. og tvívegis í 4. tölul. komi: þjónustuhópsins.
- ◇ Í stað orðanna „almanavarna- og öryggisráði“ í 1. mgr. og sömu orða í 2. mgr. og 1. og 2. mgr. 4. gr., 4. mgr. 34. gr. og 2. tölul. 35. gr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: almannavarnaráði.

2.2.4 Margháttáðar breytingar

- Þjappa má efnislega skyldum breytingum saman í einn lið á eftirfarandi hátt:
 - › í stað orðsins/orðanna „...“ komi: ...; og í stað orðsins/orðanna „...“ komi: ...
 - › í stað orðsins/orðanna „...“, orðsins/orðanna „...“ og orðsins/orðanna „...“ komi: ...; ...; og: ...
- ◇ Í stað orðanna „kveðið upp úrskurð um“ í 1. másl. 1. mgr. komi: ákveðið; og í stað orðanna „slíkur úrskurður verður upp kveðinn“ í 2. másl. 1. mgr. komi: slík ákvörðun er tekin.
- ◇ Í stað orðanna „versla fyrir eigin reikning“ og í stað orðsins „veita“ í 10. tölul. komi: eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning; og: stunda.
- ◇ Í stað orðanna „sáttmálans“ og „viðbótarsamninga“ í b-lið 1. mgr. 28. gr. fylgiskjals og sömu orða í a- og b-lið 3. mgr. 35. gr., 1. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 59. gr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: samningur; og: samningsviðauki.
- ◇ Í stað orðsins „kynforeldrisins“ í 1. og 3. mgr. a-liðar (67. gr. a) og 1. mgr. b-liðar (67. gr. b), orðsins „kynforeldrið“ í 2. mgr. a-liðar (67. gr. a) og tvívegis í 2. mgr. b-liðar (67. gr. b) og orðsins „kynforeldris“ í 4. mgr. a-liðar (67. gr. a) komi: foreldrisins; foreldrið; og: foreldris.
- ◇ Í stað orðsins „trúnaðarmenn“ þrívegis í 1. mgr. og í 3. mgr., orðsins „trúnaðarmaður“ tvívegis í 2. mgr. og orðsins „trúnaðarmanns“ í 2. mgr. komi: réttindagæslumenn; réttindagæslumaður; og: réttindagæslumanns.

2.2.5 Hvarvetna í frumvarpi eða hluta þess

- Oft þarf að skipta út einu orði eða fleiri í einni grein eða jafnvel alls staðar í frumvarpi. Hægt er breyta því á fyrsta staðnum á hefðbundinn hátt en tiltaka síðan hvar orðið á að breytast annars staðar. Slíkar breytingar verður að gera með gát og athuga vel að breytingin eigi í raun að verða alls staðar þar sem orðið kemur fyrir. Athuga þarf sérstaklega hvort breyta þarf öðrum orðum, svo sem sögnum, lýsingarorðum eða fornöfnum sem vísa til orðsins sem breyta á ef það er ekki í sama kyni (eða tölu) og nýja orðið.

- ◇ Í stað orðanna „Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun“ í greininni og sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- ◇ Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Félags- og tryggingamálaráðherra.
- ◇ Í stað orðsins „framkvæmdaraðili“ hvarvetna í 6.–12. gr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun.
- ◇ Í stað orðsins „frá“ hvarvetna í 9. tölul. 1. mgr. og 6. og 7. mgr. komi: frá og með.
- ◇ Í stað orðsins „þjónustu“ og orðsins „þjónusta“ í 1. tölul. og sama orðs hvarvetna annars staðar í viðaukanum komi: virkni.

2.2.6 Hvarvetna í frumvarpi eða hluta þess ásamt sambeygðum orðum

- ◇ Í stað orðsins „viðskiptaorðsending“ í 2. tölul. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd í fleirtölu, auk þess sem kyn og tala sambeygðra orða breytist samsvarandi: viðskiptaboð.
- ◇ Í stað orðsins „fjölmíðlaþjónustuveitanda“ í 2. tölul. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu, sbr. þó e-lið, komi, í samsvarandi beygingarmynd og tölu, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: fjölmíðlaveita.
- ◇ Í stað orðsins „fjölmíðlaþjónustuveitendum“ í fleirtölu í 18. og 19. tölul., og í 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 16. gr., 1., 2. og 3. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. másl. 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 28. gr., 1. og 2. mgr. 33. gr., 34. og 35. gr., 6. mgr. 36. gr., 1., 4. og 5. mgr. 45. gr., 1. másl. 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr. og tvívegis í b-lið 1. mgr. 62. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd í eintölu, auk þess sem kyn og tala sambeygðra orða breytist samsvarandi: fjölmíðlaveita.

2.2.7 Dagsetning

- Skýrast er að breyta dagsetningu alltaf í heild sinni.

- ◇ Í stað dagsetningarinnar „15. desember 2008“ í 1. efnismgr. komi: 30. desember 2008.
- ◇ Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2008“ komi: 1. janúar 2009.
- ◇ Í stað dagsetninganna „17. júní 2010“ og „17. febrúar 2011“ í 2. mgr. komi: 15. nóvember 2010; og: 15. júní 2011.

2.2.8 Tala

- Ef breyta á tölum eða fjárhæðum er nóg að tilgreina töluna og það sem á að koma í staðinn, en einnig má tilgreina um hvers konar tölu er að ræða.

- ◇ Í stað „7“ í 1. efnismgr. komi: 10.
- ◇ Í stað „220“ og „221“ í töflu í 1. efnismgr. komi: 225; og: 226.
- ◇ Í stað „3.107“ árið 2011 í liðnum *1.07 Þjónusta* í kafla **5.1.2 Skipting útgjalda** komi: 3.427.
- ◇ Í stað tölunnar „7“ í 1. efnismgr. komi: 10.
- ◇ Í stað talnanna „220“ og „221“ í töflu í 1. efnismgr. komi: 225; og: 226.

2.2.9 Fjárhæð

- ◇ Í stað fjárhæðanna „4.651.927 kr.“ og „7.711.371 kr.“ í 1. gr. komi: 4.838.005 kr.; og: 8.019.826 kr.
- ◇ Í stað „4.651.927 kr.“ og „7.711.371 kr.“ í 1. gr. komi: 4.838.005 kr.; og: 8.019.826 kr.

2.2.10 Hlutfallstala

- ◇ Í stað hlutfallstölunnar „0,00667%“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: 0,00712%.
- ◇ Í stað hlutfallstalnanna „6%“ og „9%“ í a-lið komi: 3%; og: 3%.
- ◇ Í stað „0,00667%“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: 0,00712%.
- ◇ Í stað „6%“ og „9%“ í a-lið komi: 3%; og: 3%.

2.2.11 Tilvísun

- ◇ Í stað tilvísananna „1. mgr.“ og „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 4. gr.; og: 6. gr.
- ◇ Í stað tilvísunarinnar „skv. II. kafla“ í 1. mgr. komi: skv. II. og III. kafla.
- ◇ Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 7. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. a komi: 5. mgr. 7. gr.
- ◇ Í stað „63.–67. gr.“ í 21. gr. komi: 62.–67. gr.

2.2.12 Tollskrárnúmer, tollur og vörugjald

- ◇ Í stað tollskrárnúmersins 8429.5900 komi:

8429.5901 – – – –	Vélbúnaður og smávinnuvélar undir 1 tonni	
	að heildarþyngd	313,50 kr./stk.
8429.5909 – – – –	Aðra	1.672,00 kr./stk.

- ◇ Vörugjald eftirtalinna tollskrárnúmera í a-lið 7. gr. verði sem hér segir:

Tollskrárnúmer	Kr./kg
1702.2000	168
1702.3002	168

2.2.13 Í töflu

- ◇ Í stað orðanna „12 metrar eða minna“ í töflu undir liðnum Skipstjóri/stýrimaður komi: 12 metrar.

2.2.14 Með annarri leturgerð

- ◇ Í stað orðsins „*Heilsugæsluþjónusta*“ í 4. tölul. komi: *Heilsugæsla*.
- ◇ Í stað orðanna „*Notendahópur CERT-ÍS*“ í 4. tölul. komi: *Þjónustuhópur netöryggissveitarinnar eða þjónustuhópurinn*.

2.3 Breyttur málsliður

2.3.1 Einn

- Séu málsliðir fleiri en tveir skal tiltaka númer þeirra en séu þeir aðeins tveir er betra að vísa til þeirra sem fyrri og síðari málsliðar. Vísa má til síðasta málsliðar af mörgum sem lokamálsliðar.
- ◇ 1. másl. 2. mgr. orðist svo: Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknnum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.
- ◇ 1. másl. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Einn dómara Hæstaréttar Íslands skipaður af forsætisnefnd og skal hann vera formaður nefndarinnar.
- ◇ Síðari málsliður 4. mgr. 4. gr. orðist svo: Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.
- ◇ Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Ríkissaksóknari getur endranær tekið saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru eða tekið við sókn máls fyrir dómi hvenær sem hann telur þess þörf.
- ◇ 1. másl. 1. efnismgr. orðist svo: Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð.

2.3.2 Fleiri en einn

- ◇ 1. og 2. másl. orðist svo: Heimilt er að skrá trúfélög utan þjóðkirkjunnar og lífsskoðunarfélög. Með skráningu fá trúfélög og lífsskoðunarfélög réttindi og skyldur sem lög ákveða.
- ◇ Efnismálsliðir 1. gr. orðist svo: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsóknna.

2.3.3 Fleiri málsliðir koma í stað færri

- ◇ Í stað 3. og 4. másl. komi þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Í stjórn skulu sitja sjö fulltrúar: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, þ.e. formaður og varaformaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum skal eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar.
- ◇ Í stað 2. másl. efnismálsgreinar b-liðar komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Skilyrði fyrir útgáfu leyfis er að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar kunna að vera á grundvelli þeirra, að rannsóknastofa sé staðsett hér á landi og að þar sé fullnægjandi aðstaða til varðveislu fósturvísa. Ráðherra getur bundið leyfi frekari skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.

Frumvarpsgreinin:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra er heimilt að binda slík leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsóknna skv. 12. gr. og kjarnaflutningur skv. 13. gr. er einungis heimill á rannsóknastofum sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Ráðherra er heimilt að binda slíkt leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um veitingu leyfis samkvæmt ákvæði þessu skal hann leita umsagnar landlæknis. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða gegn skilyrðum sem sett eru í leyfisbréfi getur ráðherra, eftir atvikum að undangenginni áminningu, svipt leyfishafa leyfi tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu.

2. másl. efnismáls- greinar b-liðar

- ◇ Í stað 1. másl. 1. mgr. komi þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð.

- ◇ Í stað 1. og 2. másl. komi fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fõðrar, fiskidætur og tæki til flutnings á fiski. Þó er heimilt að flytja inn notuð vísindatæki og tæknibúnað sem sannanlega er hægt að sótthreinsa að mati fisksjúkdómanefndar. Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísinda- og tæknibúnaði til Landbúnaðarstofnunar sem getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar.

2.3.4 Færri málsliðir koma í stað fleiri

- ◇ Í stað 1. og 2. másl. 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Lögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnarstig í umdæmi sínu í samráði við almannavarnanefnd skv. 9. gr. og tilkynnir það jafnskjótt ríkislögreglustjóra og dómismálaráðherra.
- ◇ Í stað 2. og 3. másl. 1. mgr. komi einn málsliður, svohljóðandi: Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólustarfið og velferð barna.

2.3.5 Málsliður fluttur

- ◇ Lokamálsliður fyrri málsgreinar verði 1. másl. síðari málsgreinar.

2.3.6 Málsliður verður málsgrein

– Óbreyttur:

- ◇ 3. másl. 2. mgr. verði 3. mgr.

2. mgr. í frumvarpi:

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um kosningu skilanevndar skv. 1. mgr. skal héraðsdómur skipa skilanevnd að kröfu stjórnarmanns eða félagsmanns sem ekki hefur greitt atkvæði með ákvörðun félagsfundar. Félagismaður eða stjórnarmaður getur einnig borið kjör á skilanevndarmönnum undir héraðsdóm sem getur skipað aðra menn í skilanevnd sé ástæða til þess. Félagismaður getur krafist opinberra skipta skv. XV. kafla laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.

• 3. másl. 2. mgr.

Eftir breytingu:

Fallist félagsfundur ekki á kröfu um kosningu skilanevndar skv. 1. mgr. skal héraðsdómur skipa skilanevnd að kröfu stjórnarmanns eða félagsmanns sem ekki hefur greitt atkvæði með ákvörðun félagsfundar. Félagismaður eða stjórnarmaður getur einnig borið kjör á skilanevndarmönnum undir héraðsdóm sem getur skipað aðra menn í skilanevnd sé ástæða til þess.

• 3. mgr.

Félagismaður getur krafist opinberra skipta skv. XV. kafla laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.

– Breyttur:

- ◇ 2. másl. 6. mgr. verði ný málsgrein, 7. mgr., og orðist svo:
Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus að mati kærunevndarinnar getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða gagnaðila málskostnað. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu málskostnaðar.

2.3.7 Inngangsmálsliður

- ◇ Inngangsmálsliður d-liðar orðist svo: Á eftir 2. másl. 7. mgr. A-liðar kemur nýr málsliður sem orðast svo.

D-liður í frumvarpinu:

d. Við 7. mgr. A-liðar bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sá sem rétt kann að eiga til barnabóta með börnum sem ekki hafa heimilisfesti á Íslandi skal sækja um bætur til skattstjóra og leggja fram upplýsingar um tekjur framfærenda ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis, sbr. 1. mgr.

Inngangsmálsliður d-liðar

2.3.8 Inngangsmálsliður og fyrirsögn

- ◇ Inngangsmálsliður og fyrirsögn orðist svo: 34. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn: *Dómur um forsjá, lögheimili barns o.fl.*

13. gr. frumvarpsins:

34. gr. laganna orðast svo:

Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómari úr málinu með dómi hafi sátt ekki tekist. Ef foreldrar leita skilnaðar fyrir dómi leysir dómari um leið úr ágreiningi um forsjá. Sýslumaður getur veitt leyfi til skilnaðar hjóna þótt ágreiningsmál um forsjá barns þeirra sé rekið fyrir dómi. ...

Eftir breytingu:

34. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Dómur um forsjá, lögheimili barns o.fl.

Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómari úr málinu með dómi hafi sátt ekki tekist. Ef foreldrar leita skilnaðar fyrir dómi leysir dómari um leið úr ágreiningi um forsjá. Sýslumaður getur veitt leyfi til skilnaðar hjóna þótt ágreiningsmál um forsjá barns þeirra sé rekið fyrir dómi. ...

2.3.9 Efnismálsliður

- ◇ Efnismálsliður a-liðar 1. gr. orðist svo: Skipulagningu ferða hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.

Frumvarpsgreinin:

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- A-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skipulagningu ferða, til hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.
- D-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Dagsferðir sem fela í sér ýmiss konar afþreyingu og frístundaiðju, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.

Efnismálsliður a-liðar

2.4 Orðskýring/skilgreining

- ◇ Orðskýringin *Innlánsstofnun* orðist svo:
- ◇ Skilgreiningin *Landsskipulagsstefna* orðist svo: Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem umhverfisráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi.

2.5 Breyttur efnisliður

- Efnisliður er sá hluti staf- eða töluliðar sem ekki telst fyrir sögn, t.d. í afleiðingar-breytingum á öðrum lögum í frumvarpi til breytingalaga.

- ◇ Efnisliður 3. tölul. orðist svo: 2. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

Úr frumvarpsgrein:
 3. Lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
 Þrátt fyrir 1. mgr. skal ákvæði 4. mgr. 7. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 2012.

Eftir breytingu:
 3. Lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. 2. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

◀ efnisliður

2.6 Breyttir liðir

2.6.1 Töluliðir

- ◇ 4. tölul. 2. mgr. orðist svo: fjárhæð leigu, þar á meðal ákvæði um verðtryggingu og endurskoðun leigufjárhæðar á leigutíma ef því er að skipta.
- ◇ 1. tölul. 2. gr. orðist svo: *Bein mismunun*: Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður.
- ◇ 4. tölul. í kaflanum *Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar* orðist svo: Opinberir aðilar raski ekki samkeppnisstöðu einkarekinnar ferðaþjónustu.

2.6.2 Stafliðir

- ◇ F-liður orðist svo: Í stað orðsins „bankastjórn“ í j-, l-, m- og n-lið kemur: seðlabankastjóri.
- ◇ B-liður (II.) orðist svo:
- ◇ A-liður orðist svo: Við upphaf viðvarandi samnings sambands.
- ◇ C- og d-liður í töflu í ákvæði til bráðabirgða VIII orðist svo:

c. Byggðakvóti	6.707	4.751	2.794	2.513
d. Rækju- og skelbætur	1.681	1.681	1.681	1.681

2.6.3 Ásamt breyttri röð

- ◇ E-liður verði c-liður og orðist svo: Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í fyrir sögn 5. gr. og 2. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

- ◇ 23. tölul. orðist svo og komi á viðeigandi stað í stafrófsröð: *Virkni náttúruauðlindar*: Eiginleikar náttúruauðlindar sem nýtast annarri náttúruauðlind eða eru almenningi til hagsbóta að öðru leyti.

2.6.4 *Breytt röð liða*

– *Óbreyttir liðir*:

- ◇ 7. og 8. tölul. verði 15. og 16. tölul.

◇ Liðirnir:

- a. „Reykjanesskagi, Reykjanessvæði, 62 Stóra-Sandvík“,
- b. „Reykjanesskagi, Svartsengissvæði, 63 Eldvörp“,
- c. „Reykjanesskagi, Krýsuvíkursvæði, 64 Sandfell“,
- d. „Reykjanesskagi, Krýsuvíkursvæði, 66 Sveifluháls“,
- e. „Reykjanesskagi, Hengilssvæði, 69 Meitillinn“,
- f. „Reykjanesskagi, Hengilssvæði, 70 Gráuhnúkar“,
- g. „Reykjanesskagi, Hengilssvæði, 71 Hverahlíð“,
- h. „Norðausturland, Námafjallssvæði, 97 Bjarnarflag“

í b-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur) færast í b-lið 2. tölul. (Biðflokkur).

- ◇ Liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 31 Urriðafossvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færast í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).

– *Breyttir liðir*:

- ◇ 9. tölul. verði 18. tölul. og orðist svo:

– *Með orðalagsbreytingu*:

- ◇ Á eftir orðunum „fjármálaráðherra í“ í c-lið, er verði a-liður, komi: 18. gr. a.
- ◇ Orðið „skýr“ í 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. falli brott og verði töluliðurinn jafnframt 3. tölul.

2.6.5 *Fækkun liða*

- ◇ Í stað b- og c-liðar 2. efnismgr. komi einn stafliður, svohljóðandi:
- ◇ Í stað f- og g-liðar 1. mgr. komi einn nýr stafliður, svohljóðandi:
- ◇ Í stað a–d-liðar (ákvæða til bráðabirgða I–IV) komi einn stafliður, svohljóðandi:
 - a. (I.)
Hækkun á vasapeningum skv. 43. gr. laganna til elli- og örorkulífeyrisþega greiðist frá 1. júlí 2006.
- ◇ Í stað 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. komi einn nýr töluliður sem orðist svo: Til og með 25.000 NT: 30 kr. á hver 100 NT.

- ◇ Í stað a–e-liðar 2. mgr. komi fjórir nýir stafliðir, svohljóðandi:

2.6.6 Breyttir liðir (t.d. í áætlunum af ýmsu tagi)

- ◇ Liður 3.2.1 orðist svo: Notkun viðurkenndra matslista.
- ◇ Liður 4.2 orðist svo: *Sérhæft framhaldsnámskeið fyrir fósturforeldra.*
- ◇ Við töflu 3-7 í kafla **3.2.1.3 Sjóvarnargarðar**. Liðurinn **Hafnarfjörður** í liðnum **SUBVESTURKJÖRDÆMI** orðist svo:

2.7 Breytt málsgrein

2.7.1 Ein málsgrein

- ◇ 1. mgr. orðist svo:
 Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað tilkynnir hún ríkissaksóknara um það og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála.
- ◇ Fyrri málsgrein tillögugreinarinnar orðist svo:
 Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu.

2.7.2 Fleiri málsgreinar

- ◇ 1. og 2. mgr. orðist svo:
 Sett skal á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármála-fyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn.
 Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og skattrannsóknarstjóra ríkisins og aðrar réttarvörslu- og eftirlitsstofnanir. Sé þess óskað skulu þessar stofnanir veita hinum sérstaka saksóknara upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsli.

2.7.3 Sömu málsgrein breytt í mörgum greinum

- ◇ 1. efnismgr. 1., 4., 5., 7. og 8. gr. orðist svo:

2.7.4 Efnismálgrein

- Efnismálgrein skal tiltekin þegar gera á breytingu á breytingalagafrumvarpi til að taka af allan vafa um hvar viðkomandi breyting á að verða.

Frumvarpsgrein:
 Við 30. gr. laganna bætist ný málgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:
 Matvælaeftirlitið getur gripið til þvingunarúrræða og viðurlaga vegna brota á ákvæðum laga þessara sem varða eftirlit með innflutningi matvæla skv. f-lið 6. gr.

▲ *Inngangsmálgrein*
 ▲ *Efnismálgrein*

- ◇ 1. efnismgr. 29. gr. orðist svo:
 Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og í umdæmi sýslumannsins í Keflavík. Sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.
- ◇ Síðari efnismálgrein c-liðar orðist svo:
 Gjöld skv. 1.–3. tölul. 5. mgr. skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal gjaldtaka ekki vera meiri en nemur þeim kostnaði. Kostnaður við starfrækslu Siglingastofnunar Íslands greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.
- ◇ 2. og 3. efnismgr. 2. gr. orðist svo:
 - Ef efnismálgreinin er aðeins ein er einfaldast að taka upp greinina í heild sinni.
- ◇ 48. gr. orðist svo:
 3. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:
 Matvælastofnun getur gripið til þvingunarúrræða og viðurlaga vegna brota gegn lögum þessum.

2.7.5 Ein málgrein (eða fleiri) verður tvær málgreinar (eða enn fleiri)

- ◇ Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málgreinar, svohljóðandi:
- ◇ Í stað lokamálgreinar komi tvær nýjar málgreinar, svohljóðandi:
- ◇ Í stað 3. mgr. b-liðar 9. gr. komi tvær nýjar málgreinar er orðist svo:
- ◇ Í stað 2. og 3. mgr. komi fjórar nýjar málgreinar, svohljóðandi:
- ◇ Í stað 2.–4. mgr. komi fimm nýjar málgreinar, svohljóðandi:
- ◇ Í stað 5.–6. mgr. tillögugreinarinnar komi þrjár nýjar málgreinar, svohljóðandi:

2.7.6 Tvær eða fleiri málgreinar verða færri

- ◇ Í stað 1. og 2. mgr. komi ein ný málgrein, svohljóðandi:

- ◇ Í stað 2.–4. mgr. 19. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
- ◇ 2. og 3. efnismgr. a-liðar verði 2. efnismgr.

2.7.7 Breytt röð málsgreina

– *Óbreyttur texti:*

- ◇ 2. mgr. verði 4. mgr.

– *Breyttur texti:*

- ◇ a. Í stað orðanna: „njóta gjafsóknar“ í 5. mgr., er verði 6. mgr., komi: fá greiddan málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.
- ◇ b. Við 1. másl. 6. mgr., er verði 5. mgr., bætist: fyrir kærunefndinni enda sé niðurstaða nefndarinnar kæranda í hag.
- ◇ 2. mgr. verði 3. mgr. og orðist svo:

2.7.8 Málsgrein verður málsliður

- ◇ 2. mgr. verði 2. másl. 1. mgr.

2.7.9 Málsgreinanúmer

– Í nefndarálit, ekki formleg breytingartillaga (númerin felld brott í stöðu- eða lokaskjali).

- ◇ Að síðustu vill nefndin taka fram að hún telur að frágangur málsgreina í frumvarpinu sé ekki í samræmi við þá meginreglu í frágangi frumvarpa að hafa málsgreinar ónúmeraðar. Ekki er rökstutt sérstaklega af hvaða ástæðu málsgreinar eru númeraðar og því verða númer málsgreina felld niður í lokafrágangi verði frumvarpið samþykkt.

2.8 Breytt tillögugrein

- ◇ Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd undir formennsku stjórnarformanns Persónuverndar og með þátttöku þjóðskjalavardar, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórn málafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða fitjálсан aðgang fræðimanna að þeim.

Formaður nefndarinnar skal á starfstíma hennar gera forseta Alþingis og formönnum þingflokka grein fyrir framvindu verksins. Nefndin skili Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en í árslok 2006.

Upphaflega tillagan:

Tillaga til þingsályktunar

um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál.

Flm.: Forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd undir formennsku stjórnarformanns persónuverndar og með þátttöku þjóðskjalavarðar, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórn málafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða í samráði við forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti frjálsan aðgang fræðimanna að þeim.

Tillögugrein

2.9 Breytt grein

2.9.1 Ein grein breytist

- ◇ 2. gr. orðist svo:
2. gr. laganna orðast svo:
Þeir sem heyra undir lög þessi og hafa áunnið sér rétt samkvæmt eldri lögum halda þeim réttindum sem þegar hafa myndast við gildistöku laga þessara.
- ◇ 15. gr. orðist svo:
Um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

2.9.2 Breytt grein ásamt fyrirsögn

- ◇ 3. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Yfirstjórn.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laga þessara. Utanríkisráðherra ber ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

Ef brýnir varnarhagsmunir krefjast skal utanríkisráðherra heimilt að víkja frá málsmeðferðarreglum laga þessara eða reglugerða sem eru settar samkvæmt þeim.

2.9.3 Greinum fjölgað

- ◇ Í stað 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
 - a. (2. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „einstaklinga eða hjóna hvors um sig“ kemur: einstaklings.
 - b. Orðin „5.–7. mgr.“ falla brott.
 - b. (3. gr.)
Orðin „eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar“ og orðin „5.–7. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

- ◇ Í stað 15.–17. gr. komi sex nýjar greinar sem orðist svo ásamt fyrirsögnum:
 - a. (15. gr.)

Leyfisveiting og eftirlitsaðilar.

Fjármálaeftirlitið fer með leyfisveitingu samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 4. og 5. gr., og annast almennt eftirlit með framkvæmd þeirra.

Gagnvart lögmönnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

Eftirlitsaðilar skv. 1. og 2. mgr. skulu samræma verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

- b. (16. gr.) ...

- ◇ Í stað 6. gr. komi þrjár nýjar greinar, 7.–9. gr., ásamt fyrirsögnum á undan 7. og 9. gr., svohljóðandi:

2.9.4 Greinum fækkað

- ◇ Í stað 7., 8. og 9. gr. komi ein ný grein er orðist svo:
- ◇ Í stað 7.–10. gr. komi ein grein er verði 6. gr. og orðist svo:

2.9.5 Breytt röð greina

- ◇ 1. 2. gr. verði 3. gr.
- ◇ 2. 3. gr., er verði 2. gr., orðist svo: ...
- ◇ Röð greinanna breytist þannig að 4. gr. verði 5. gr. og 5. gr. verði 4. gr.
- ◇ 10. gr. verði 1. gr. og orðist svo:
- ◇ Greinin verði 8. gr.
- ◇ 7. gr. verði 6. gr. og 8. gr. verði 5. gr.

2.9.6 Breytt greinarfyrirsögn

– Breyting á greinarfyrirsögn er gerð á eftir efnislegum breytingum á greininni.

- ◇ Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Kvaðning til aðstoðar við almannavarnir.*
- ◇ Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning.*
- ◇ Fyrirsögn 59. gr. verði: *Refsing.*
- ◇ Fyrirsögn á undan greininni orðist svo: *Lagatengsl, gildistaka o.fl.*

2.9.7 Breytt fyrirsögn lagagreinar í breytingalagafrumvarpi

- ◇ Fyrirsögn orðist svo: *Gildissvið, markmið og orðskýringar.*
- ◇ Í stað orðsins „vatnsveitugerðar“ í fyrirsögnum í 22. og 23. gr. komi: vatnsveitu.

<i>Frumvarpsgreinarnar:</i>	
25. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:	22. gr.
	<i>Heimild sveitarstjórnar til <u>vatnsveitugerðar</u>.</i>
	...
26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:	23. gr.
	<i>Skylda landeiganda til að láta afhendi land og landsafnot til <u>vatnsveitugerðar</u>.</i>

2.10 Breyttur kafli

2.10.1 Í frumvarpi

- ◇ I. kafli orðist svo:
 - a. (1. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:
 - a. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:
Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr.
 - b. Í stað orðanna „enn fremur“ í 4. mgr. kemur: ætíð.
 - b. (2. gr.)
Í stað „4. mgr. 122. gr.“ í 1. og 2. mgr. 123. gr., fyrri málslíð 4. mgr. 124. gr., 1. mgr. 126. gr., 3. mgr. 129. gr. og 1. másl. 1. mgr. 151. gr. laganna kemur: 5. mgr. 122. gr.
 - c. (3. gr.)
Í stað „1.–3. mgr. 122. gr.“ í 130. gr. laganna kemur: 122. gr.
 - d. (4. gr.)
Í stað orðanna „133. gr. a – 133. gr. f“ í 2. mgr. 133. gr. a og 4. mgr. 133. gr. g laganna kemur: 133. gr. a – 133. gr. c og 133. gr. e – 133. gr. f.
 - e. (5. gr.)
133. gr. d í lögunum fellur brott.

– Óvenjulegra:

◇ XI. kafli ásamt fyrirsögn orðist svo:

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

a. (11. gr.)

3. mgr. 62. gr. laganna orðast svo:

Karl og kona í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þau barn saman eða von á barni saman eða sambúðin hefur verið skráð í samfelld eitt ár hið skemmsta. Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

b. (12. gr.)

Við 1. mgr. 80. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

2.10.2 Í þingsályktun (áætlun)

◇ 1. Við 3. kafla, **SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN**.

a. Kaflar 3.1–3.2.1.1 orðist svo:

◇ Kaflinn **Framlög** orðist svo:

◇ Kafli **1.1 Flugmálastjórn Íslands, fjármál** orðist svo:

2.10.3 Kaflanúmer

◇ Kaflar í tillögunni að undanskildum inngangskafli verði númeraðir.

– *Í nefndaráliti, ekki formleg breytingartillaga:*

◇ Nefndin leggur til að kaflar tillögunnar verði númeraðir en að öðru leyti verði hún **samþykkt óbreytt**.

2.10.4 Kaflafyrirsögn

– Breyting á kaflafyrirsögn er gerð á eftir efnislegum breytingum á kaflanum.

◇ Fyrirsögn III. kafla verði: **Starfsfólk grunnskóla**.

2.10.5 Breytt fyrirsögn í þingsályktunartillögu

◇ Fyrirsögn B-hluta orðist svo: Vinnumarkaður – launamisrétti kynjanna.

2.11 Breytt ákvæði til bráðabirgða

◇ Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

2.12 Breyttur viðauki

- ◇ V. viðauki orðist svo:
- ◇ I. og II. viðauki orðist svo:
- ◇ Viðauki II ásamt fyrirsögn orðist svo:

2.13 Breytt fylgiskjal

- ◇ Fylgiskjal orðist svo:

2.14 Breyting á tollskrá (tollur, tollskrárnúmer, tolltaxti)

- ◇ A-tollur tollskrárnúmersins 8527.1303 í viðauka I verði 0%.
- ◇ Eftirfarandi breytingar verði á 85. kafla tollskrár í viðauka I:

	A	E
	%	%
a. Í stað tollskrárnúmeranna 8519.8100 og 8519.8900 komi fjögur ný tollskrárnúmer ásamt fyrirsögnum og tolltöxtum, svohljóðandi:		
-- Sem nota segul-, ljós- eða hálfleiðaramiðlara:		
8519.8110 --- Sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar	0	
8519.8190 --- Önnur	7,5	0
-- Annars:		
8519.8910 --- Sem eru með innbyggðri geymslueiningu, geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar ..	0	
8519.8990 --- Önnur	7,5	0
b. Við vöruliðinn 8521 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8521.9023 --- Tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	
c. Við vöruliðinn 8543 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8543.7003 --- Tæki til lesturs rafbóka sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	

2.15 Breytt tafla

- ◇ Tafla 1 í kafla 2.2.1 Stofnkostnaður orðist svo:

2.16 Aðrar breytingar

- ◇ Eftirfarandi breytingar verða á reglum um ræðutíma:
 - a. Í stað orðanna „Ráðherra ... 15 mín., 10 mín., 5. mín.“ í 1. umræðu um lagafrumvörp komi: Aðrir ráðherrar ... 15 mín., 5 mín., 5 mín.
 - b. Í stað orðanna „Ráðherra og flutningsmaður máls ... 30 mín., 15 mín., 5 mín.“ í 2. umræðu um lagafrumvörp komi: Ráðherra og flutningsmaður máls ... 20 mín., 10 mín., 5 mín.
 - c. Í stað orðanna „Aðrir þingmenn ... 15 mín., 5 mín., 5 mín.“ í 2. umræðu um lagafrumvörp komi: Aðrir þingmenn ... 20 mín., 10 mín., 5 mín.
- ◇ Í stað síðari valkosta í 1. tölul. 3. efnismgr. komi tveir nýir valkostir er orðist svo:
 - Ég vil að unnið verði að breytingum á gildandi stjórnarskrá án þess að tillaga stjórnlagaráðs liggi þar til grundvallar.
 - Ég vil að stjórnarskrá Íslands verði óbreytt frá því sem nú er.
- ◇ Sjúkdómur nr. 1710, kylaveikibróðir, í flokknum **Eldisfiskar** færast úr viðauka 1B í viðauka 2 þar sem sjúkdómurinn fær númerið I719 í flokknum **Eldisfiskar** og breytist númer annarra sjúkdóma með hliðsjón af því.

2.17 Breytt fyrirsögn frumvarps eða þingsályktunartillögu

- Breyta þarf fyrirsögn frumvarps þegar nýjum kafla er bætt við bandorm og lögin sem breyta á eru talin upp í fyrirsögninni. Til dæmis er **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991**, með þremur köflum um breytingar á þrennum lögum. Síðan er nýjum kafla bætt við í breytingartillögu, **Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001**, og þá þarf að breyta fyrirsögn frumvarpsins í **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001**, eða eitthvað annað.
- Breyta þarf **efnisgreiningu** innan sviga í fyrirsögn breytingalagafrumvarps ef efni frumvarpsins hefur breyst.
- Breyta þarf fyrirsögn þingsályktunartillögu ef tillögugreininni hefur verið breytt umtalsvert.
- Breyting á fyrirsögn frumvarps eða þingsályktunartillögu er gerð á eftir efnislegum breytingum á frumvarpinu eða þingsályktunartillögunni.
- ◇ Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármála-fyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um kjararáð, nr. 47/2006.
- ◇ Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (sektarinnheimta).

- ◇ Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009 og nr. 126/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.
- ◇ a. Tillögugreinin orðist svo:
 - Alþingi ályktar að efla beri þátttöku stjórnámamanna og embættismanna í hagsmunagæslu tengdri Evrópusamstarfi með það að markmiði að auka áhrif Íslands á ákvarðanir á vettvangi Evrópusamstarfs.
- b. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um aukin áhrif Íslands á ákvarðanir á vettvangi Evrópusamstarfs.

3. VIÐBÓT

- Gæta þarf þess að ekki fari á milli mála hvar viðbótin á að koma í frumvarpið eða þings-
ályktunartillöguna.

3.1 Orðalag

- Nú er bætt við:
 - › grein aftast í frumvarp eða aftan við tiltekna grein,
 - › staflíð aftast í staflíði eða aftan við tiltekinn staflíð,
 - › tölulíð aftast í tölulíði eða aftan við tiltekinn tölulíð
- og er þá nóg að segja:
 - › Við bætist ný grein, svohljóðandi:
 - › Við bætist nýr staflíður er orðist svo:
 - › Á eftir 7. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
- en óþarfi er að tiltaka númer eða bókstaf:
 - › Við bætist ný grein, 7. gr., svohljóðandi: (*þegar greinar frumvarpsins eru sex*)
 - › Við bætist nýr staflíður, g-liður, er orðist svo: (*þegar liðirnir eru a–f*)
 - › Á eftir 7. gr. komi ný grein, 8. gr., svohljóðandi:

3.2 Viðbót orða

3.2.1 Á eftir tilteknu orði eða orðum

- ◇ Á eftir orðinu „Seðlabankastjóra“ í 1. efnismgr. komi: og aðstoðarseðlabankastjóra.
- ◇ Á eftir orðunum „gilda ekki um“ í 5. mgr. komi: aðgang að.
- ◇ Á eftir orðinu „aflagða“ í 1. mgr., orðinu „aflagðra“ í 2. mgr. og orðinu „Aflagðir“ í fyrirsögn
8. gr. komi: friðaða; friðaðra; og: friðaðir.

3.2.2 Sama viðbót á eftir tilteknu orði eða orðum á fleiri en einum stað

- ◇ Á eftir orðunum „skrásett sem fiskiskip“ í 5. tölul. og orðinu „gæsluskip“ í 23. tölul. komi:
samkvæmt lögum um skráningu skipa.

3.2.3 Á undan tilteknu orði eða orðum

- ◇ Á undan orðunum „stjórn aðgerða“ í 5. másl. 2. mgr. komi: með.

3.2.4 Aftast í málslið

- ◇ Við 3. másl. 1. mgr. bætist: og upplýsingar sem verða til við samtengingu skráa skv. 9. gr.

- ◇ Við síðari málslið 2. mgr. bætist: en ekki er skylt að rökstyðja þá afstöðu sérstaklega.
- ◇ Við 3. másl. 2. efnismgr. bætist: ef ástæða er til að ætla að innflytjandi beri með sér smit-sjúkdóma.

3.2.5 Aftast í staflíð eða tölulíð

- ◇ Við c-lið 1. mgr. bætist: eða í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.
- ◇ Við 7. tölul. 3. mgr. bætist: eða síðar.

3.2.6 Aftast í málsgrein

- ◇ Við 2. mgr. bætist: enda sé tekið tillit til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.

– *Með viðbættum málslið (óvenjulegt):*

- ◇ Við 2. mgr. bætist: en þó í síðasta lagi að tilteknum tíma liðnum. Hyggist rannsóknaraðili varðveita persónuauðkenni lengur skal hann tilkynna það Hagstofnunni og óska eftir samþykki hennar fyrir frekari varðveislu.

3.2.7 Aftast í fleiri en einni málsgrein

- ◇ Við 1. mgr. a- og g-liðar (133. gr. a og 133. gr. g) bætist: aðildarríkis stofnsamnings Frí-verslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.
- ◇ Við 1. efnismgr. 1., 2. og 3. gr. bætist: enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga.

3.2.8 Aftast í grein

- ◇ Við 14. gr. bætist: og ákvæði 11. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2010.
- ◇ Við greinina bætist: sem fjármálaráðherra setur í samráði við utanríkisráðherra.

3.3 Nýr tollflokkur

- ◇ Við 7. gr. bætist nýr tollflokkur: 9402–1010.

3.4 Ný neðanmálsgrein

- ◇ Við kaflann **Jarðgangaáætlun** í 2. tölul. bætist neðanmálsgrein, svohljóðandi:
Míðað verði við að rannsóknnum og undirbúningi Seyðisfjarðarganga verði hagað með þeim hætti að hægt verði að hefja framkvæmdir við jarðgöng undir Fjarðarheiði í beinu framhaldi af Norðfjarðargöngum.

3.5 Nýr málsliður

3.5.1 Aftast í tiltekinni málsgrein eða lið

– *Einn málsliður:*

- ◇ Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Mál á hendur manni sem ekki á heimilisvarnarþing hér á landi má höfða hvar sem er á landinu.
- ◇ Við b-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. falla ekki undir ákvæði þetta.
- ◇ Við 7. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er utanríkisráðherra heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti, að tilnefna sérfróðan fulltrúa frá annarri ríkisstofnun til þátttöku í slíku starfi þegar um borgaralegt samstarf er að ræða.
- ◇ Við efnismálsgrein a-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um slíka yfirfærslu í reglugerð.
- ◇ Við tillögugreinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Bera skal samningana undir Alþingi.

– *Fleiri málsliðir:*

- ◇ Við 9. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fallist dómari á lögmati kyrretningar skal kyrretning ekki vara lengur en fjórar vikur frá uppkvaðningu úrskurðar. Kyrretning verður ekki framlengd nema til komi nýr dómsúrskurður.

3.5.2 Aftast í tilteknum málsgreinum eða liðum

- ◇ Við 1. efnismgr. 1., 2. og 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóra skal að jafnaði ekki heimilt að krefjast kyrretningar ef samanlögð fjárhæð væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar er undir 30 millj. kr.
- ◇ Við 4. efnismgr. 1., 2. og 3. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fallist dómari á lögmati kyrretningar skal kyrretning ekki vara lengur en fjórar vikur frá uppkvaðningu úrskurðar. Kyrretning verður ekki framlengd nema til komi nýr dómsúrskurður.
- ◇ Við f-lið kafla **1.1 Markmið um greiðar samgöngur** bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt verði tryggt áframhaldandi flug til Sauðárkróks.

3.5.3 Á eftir tilteknum málslið

- ◇ Á eftir 8. másl. 2. efnismgr. 4. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.

- ◇ Á eftir fyrri málslið 7. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Enn fremur getur sá sem á hagsmuna að gæta kært til ríkissaksóknara ákvörðun sem héraðssaksóknari hefur tekið að eigin frumkvæði skv. 6. mgr.
- ◇ Á eftir 3. másl. 2. efnismgr. 1. gr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákveðið lágmarksverð útgerðar má ekki vera hærra yfir mánaðartímabil en nemur 15% mun á útgæfðu lágmarksverði útgerðar og brúttóverði sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum uppboðsmarkaði undanfarinn mánuð. Verði meiri munur en 15% verður viðkomandi útgerð óheimilt að setja lágmarksverð á afla sinn vegna skyldu til uppboðs á innlendum markaði næstu tvo mánuðina.
- ◇ Á eftir málsliðnum „*Skipstjóri/stýrimaður á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum*“ í viðauka komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir sem þegar hafa öðlast 30 brúttórúmlasta atvinnuréttindi halda þeim.

3.5.4 Á tilteknum stað

- ◇ Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 1. másl., svohljóðandi: Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.
- ◇ Við b-lið 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir sem verði 3. og 4. másl., svohljóðandi: Þó skal heimild ráðherra ná til þyrpinga þegar byggðra frístundabyggða og frístundahúsa þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili. Enn fremur skal heimild ráðherra ná til samkomuhúsa, svo sem skóla, félagsheimila og þess háttar bygginga.

3.5.5 Nýr málsliður ásamt staf- eða töluliðum

- ◇ Við 1. mgr. bætist: Hlutverk þeirra er eftirfarandi:
 - a. að gera tillögur um almenn markmið náms og skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og eru hluti af almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og gera tillögur um lokamarkmið náms,
 - b. að setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám, ...
- ◇ Lokamálsliður 3. mgr. orðist svo: Þó skulu ákvæði slíkra samninga vera óhöggð um:
 1. leigutíma, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um samninga sem falla úr gildi fyrir 1. júlí 2010,
 2. að framleiga og framsal leiguréttinda á lóð undir frístundahús sé leigutaka óheimil án samþykkis leigusala.

3.6 Nýr liður (töluliður eða stafliður)

3.6.1 Einn liður aftast í tiltekna grein, málsgrein eða lið

- Þá er óþarfi að tiltaka númerið eða bókstafinn.

- ◇ Við 10. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „mótframlag að lágmarki 6%“ í 1. mgr. kemur: 8% mótframlag.
- ◇ Við 1. tölul. bætist nýr stafliður sem orðist svo: 1. mgr 30. gr. laganna orðast svo: Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis samkvæmt lögum um landlækni, sbr. 27. gr., sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

3.6.2 Einn liður með tilteknu númeri (staf)

- ◇ Við 1. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 3. másl. í ákvæði til bráðabirgða X í lögnum fellur brott.
- ◇ Við 10. gr. bætist nýr stafliður sem verði a-liður, svohljóðandi: 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.
- ◇ Við bætist nýr töluliður sem verði 19. tölul. og orðist svo: *Framkvæmd í veiðivatni*: Hvers konar framkvæmd í og við veiðivatn, svo sem mannvirki, efnistaka eða jarðrask, sem hefur áhrif á lífríki, rennsli, veiði og ásýnd veiðivatns.
- ◇ Við greinina bætist nýr stafliður, c. (XI.), svohljóðandi:

3.6.3 Tveir eða fleiri liðir

- ◇ Við 2. gr. bætist þrjú nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - a. Í stað orðsins „Vegabréfsáritun“ í 5., 6., 7., 9., 10., 11. og 12. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun.
 - b. Í stað orðanna „Almenn vegabréfsáritun“ í 8. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um almenna vegabréfsáritun.
 - c. Í stað orðsins „Vegabréfsáritanir“ í 13. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritanir.
- ◇ Á eftir 3. tölul., sem verði 8. tölul., komi þrjú nýir töluliðir sem verði 9.–11. tölul., svohljóðandi:

3.6.4 Með nýrri grein

- ◇ Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
 - e. (13. gr. e.)
Þeir einir sem hlotið hafa löggildingu Neytendastofu til rafvirkjunarstarfa skv. 13. gr. a–d mega bera ábyrgð á setningu, breytingu og viðgerðum virkja.
- ◇ Við 3. gr. bætist nýr liður, q-liður (13. gr. q.), svohljóðandi:

3.7 Nýr liður búinn til í grein sem var ekki liðskipt

3.7.1 Einn liður

- ◇ Við 13. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Prátt fyrir ákvæði 4. másl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013.

13. gr. frumvarpsins:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Prátt fyrir ákvæði 1. másl. 2. mgr. 39. gr. skal lífeyrissjóði vera heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008, án þess að honum sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 39. gr. um að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda á ekki við um tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008.

Þegar metið er hvort lífeyrissjóður falli undir 2. másl. 2. mgr. 39. gr. skal miða við 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga árið 2008.

Eftir breytingu:

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Prátt fyrir ákvæði 1. másl. 2. mgr. 39. gr. skal lífeyrissjóði vera heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008, án þess að honum sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 39. gr. um að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda á ekki við um tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008.

Þegar metið er hvort lífeyrissjóður falli undir 2. másl. 2. mgr. 39. gr. skal miða við 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga árið 2008.

b. (II.)

Prátt fyrir ákvæði 4. másl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013.

- ◇ Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað ártalsins „2008“ í lokamálslið 4. mgr. 42. gr. laganna kemur: 2009.

1. gr. frumvarpsins:

1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2008.

Eftir breytingu:

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2008.

b. Í stað ártalsins „2008“ í lokamálslið 4. mgr. kemur: 2009.

3.7.2 Fleiri en einn liður

- ◇ Við 2. gr. bætist þrjú nýir liðir, svohljóðandi:
 - a. Í stað „7. og 8. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 8. og 9. tölul.
 - b. Í stað „6. tölul.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 7. tölul.
 - c. Í stað „nr. 688/2005“ í 7. mgr. kemur: nr. 155/2007.

Frumvarpsgreinin:

Í stað 6. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir: ...

Eftir breytingu:

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað „7. og 8. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 8. og 9. tölul.
- b. Í stað „6. tölul.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 7. tölul.
- c. Í stað 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir: ...
- d. Í stað „nr. 688/2005“ í 7. mgr. kemur: nr. 155/2007.

3.8 Ný skilgreining eða orðskýring

- ◇ Við bætast fjórar nýjar skilgreiningar í rétttri stafrófsröð, svohljóðandi:
- ◇ Við 2. gr. bætist ný skilgreining, svohljóðandi: *Örnefni*: Nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miðs o.s.frv.

3.9 Ný málsgrein

3.9.1 Á eftir tiltekinni málsgrein

- ◇ Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
- ◇ Á eftir 3. efnismgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

3.9.2 Á eftir tiltekinni málsgrein og með tilteknu númeri til skýringar

- ◇ Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:

3.9.3 Með tilteknu númeri

- ◇ Við bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðist svo:
- ◇ Við 5. gr. bætist ný efnismálsgrein er verði 4. mgr., svohljóðandi:
- ◇ Við bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

3.9.4 Aftast í grein

- ◇ Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

3.9.5 Aftast í ákvæði til bráðabirgða

- ◇ Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

3.9.6 Sama breytingin á mörgum greinum

- ◇ Við 1., 4., 6. og 7. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

3.10 Ein ný grein

3.10.1 Á eftir tiltekinni grein

- ◇ Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

3.10.2 Á undan tiltekinni grein (fremst í kafla)

- ◇ Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

3.10.3 Með tiltekið númer

- ◇ Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:
- ◇ Við bætist ný grein er verði 20. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:

3.10.4 Á eftir tiltekinni grein og með tiltekið númer

- ◇ Á eftir 15. gr. (er verði 17. gr.) komi ný grein er verði 18. gr., svohljóðandi:
- ◇ Á eftir 2. gr. komi ný grein, 4. gr., svohljóðandi:

3.10.5 Með tiltekið númer og í tiltekinn kafla

- ◇ Við II. kafla bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:

3.10.6 Aftast í frumvarpið

- Þá er óþarft að tiltaka greinarnúmerið.

- ◇ Við bætist ný grein, svohljóðandi:

3.10.7 Með fyrirsögn

- ◇ Við bætist ný grein er verði 7. gr. sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

Starfsfólk.

Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. ...

- ◇ Á eftir 9. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

3.11 Fleiri nýjar greinar

- Þegar greinar eiga að bætast við frumvarp kemur hver grein undir sér staflið í breytingartillögu og númer nýju greinarinnar er haft innan sviga á eftir.

3.11.1 Á eftir tiltekinni grein

- ◇ Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (4. gr.)

Í stað orðanna „2.–5. tölul.“ í 2. mgr. 70. gr., 1. mgr. 76. gr. og 1. mgr. 120. gr. laganna kemur: 2.–6. tölul.

b. (5. gr.)

Í stað orðanna „eða á frísvæði, sbr. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr.“ í 1. mgr. 79. gr. laganna kemur: umflutningsgeymslu eða á frísvæði, sbr. 2.–6. tölul. 1. mgr. 69. gr.

3.11.2 Á undan tiltekinni grein

- ◇ Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

a. (1. gr.)

5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá.

b. (2. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: Leyfishafi: Aðili sem hefur fengið leyfi Geislavarna ríkisins til notkunar geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun.

b. Í stað orðsins „eiganda“ í 8. tölul., sem verður 9. tölul., kemur: leyfishafa.

3.12 Ný grein ásamt fyrirsögn

- ◇ Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo ásamt fyrirsögn:

3.13 Nýjar greinar ásamt fyrirsögnum

- ◇ Á undan 1. gr. komi 18 nýjar greinar er orðist svo:
 - a. (1. gr.)

*Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993,
með síðari breytingum.*

Í stað orðanna „karls og konu“ í 1. gr. laganna kemur: tveggja einstaklinga.

...
 - q. (17. gr.)

*Breyting á barnalögum, nr. 76/2003,
með síðari breytingum.*

Í stað orðanna „staðfestri samvist eða óvígðri sambúð“ í 2. málsl. 3. gr. laganna kemur: óvígðri sambúð með annarri konu.
 - r. (18. gr.)

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

3.14 Ný greinarfyrirsögn

- Breyting á greinarfyrirsögn er gerð á eftir efnislegum breytingum á greininni. Fyrirsögnin telst ekki hluti greinar.

3.14.1 Ný fyrirsögn frumvarpsgreinar

- ◇ Við 1. gr.
 - a. ...
 - b. Við bætist fyrirsögn, svohljóðandi: *Takmarkanir á varanlegu framsali opinberra aðila á eignarrétti á vatni.*
- ◇ 1. gr. fái fyrirsögnina: *Breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.*

3.14.2 Ný fyrirsögn lagagreinar í breytingalagafrumvarpi

- ◇ Við efnisgrein bætist fyrirsögn, svohljóðandi: *Tilkynning um tilfallandi vinnu.*

3.15 Nýr kafli

3.15.1 Með einni nýrri grein

- ◇ Við bætist nýr kafli, IV. kafli, **Breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald**, með síðari breytingum, með einni grein, 4. gr., svohljóðandi:
- ◇ Við bætist nýr kafli, II. kafli, **Breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum**, með einni grein sem orðist svo:

- ◇ Á eftir 31. gr. komi nýr kafli, **Breyting á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum**, með einni grein, svohljóðandi:

3.15.2 Með tveimur (eða fleiri) nýjum greinum

- ◇ Við bætist nýr kafli, er verði XI. kafli, með fyrirsögninni: **Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997**, með tveimur greinum, svohljóðandi:
 - a. (18. gr.)
Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skipulagssjóði er heimilt að standa fyrir gerð korta, svo sem gróður-, jarðfræði- og vistgerðarkorta. Sjóðurinn skal bera kostnað af slíkri kortagerð, sbr. 6. tölul. 34. gr.
 - b. (19. gr.)
Við 6. tölul. 34. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nýti Skipulagssjóður heimild til gerðar korta, sbr. 2. mgr. 28. gr., ber sjóðurinn þó þann kostnað að fullu.

3.15.3 Með tveimur (eða fleiri) nýjum greinum ásamt fyrirsögnum

- ◇ Við bætist nýr kafli, IV. kafli, **Leikskólabörn**, með tveimur nýjum greinum, 9. og 10. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:
 - a. (9. gr.)

Réttur leikskólabarna.

Öll börn í leikskóla eiga rétt á verkefnum sem taka mið af aldri þeirra og andlegri og líkamlegri getu í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og vellíðan barnahópsins. Börn í leikskóla eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar og hæfileika og finna til öryggis í öllu starfi á vegum leikskólans. Leita skal sjónarmiða leikskólabarna varðandi skólaumhverfi þeirra og starf innan leikskólans.

- b. (10. gr.)

Leikskólabörn með sérþarfir.

Börn í leikskóla eiga rétt á því að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum leikskólum án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Heyrnarlausum leikskólabörnum skal tryggt málumhverfi svo þau fái notið þeirrar menntunar og leikskilyrða sem leikskólinn hefur upp á að bjóða.

Leikskólar geri móttökuáætlun vegna barna sem hafa annað móðurmál en íslensku eða nota táknmál. Tryggja skal að þessi börn og foreldrar þeirra fái aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið og framvindu þess.

3.15.4 Fleiri kaflar

- ◇ Á eftir 7. gr., er verði 9. gr., komi tveir nýir kaflar, II. KAFLI, **Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 10. gr., og III. KAFLI, **Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgærdar**, með einni nýrri grein, 11. gr., svohljóðandi:

◇ Á eftir nýrri grein er verði 4. gr. komi tveir nýir kaflar, III. KAFLI, **Breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum**, með einni nýrri grein, 5. gr., og IV. KAFLI, **Breytingar á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með áorðnum breytingum**, með tveimur nýjum greinum, 6. og 7. gr., svohljóðandi:

◇ Á undan DXLVI. kafla komi 11 nýir kaflar, með einni grein hver, sem orðist svo ásamt fyrir sögnum:

◇ Í stað 1. og 2. gr. komi aðfaraorð, tíu nýir kaflar, I. kafli, **Undirstöður**, með fjórum nýjum greinum, 1.–4. gr., II. kafli, **Mannréttindi**, með 25 nýjum greinum, 5.–29. gr., III. kafli, **Samfélag og náttúra**, með átta nýjum greinum, 30.–37. gr., IV. kafli, **Alþingi**, með 39 nýjum greinum, 38.–76. gr., V. kafli, **Forseti Íslands**, með ellefu nýjum greinum, 77.–87. gr., VI. kafli, **Ráðherrar og ríkisstjórn**, með tólf nýjum greinum, 88.–99. gr., VII. kafli, **Dómsvald**, með sjö nýjum greinum, 100.–106. gr., VIII. kafli, **Sveitarfélög**, með fjórum nýjum greinum, 107.–110. gr., IX. kafli, **Utánríkismál**, með fjórum nýjum greinum, 111.–114. gr., og X. kafli, **Ýmis ákvæði**, með tveimur nýjum greinum, 115.–116. gr., og ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

a. (Aðfaraorð.)

Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki. Hornsteinar þess eru virðing fyrir lögum, frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.

Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.

Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.

Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða.

b. (1. gr.)

Stjórnarform.

Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn.

...

nnnnn. (Ákvæði um stundarsakir.)

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. er heimilt að halda alþingiskosningar á grundvelli gildandi kosningalaga í allt að tvö ár frá gildistöku stjórnarskipunarlaganna þessara.

Veita má þeim dómara sem situr í embætti við gildistöku stjórnarskipunarlaganna þessara lausn frá embætti er hann hefur náð 65 ára aldri. Sé dómara við Hæstarétt Íslands veitt lausn samkvæmt ákvæði þessu skal hann þó eigi missa neins í af launum sínum.

Upphafstímamark vegna ákvæða 3. málsl. 80. gr. og 3. mgr. 88. gr. skal miða við gildistöku stjórnarskipunarlaganna þessara.

- ◇ Við bætist þrjú nýir kaflar, VI. kafli, **Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og for-eldraorlof**, með síðari breytingum, VII. kafli, **Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum**, og VIII. kafli, **Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum**, hver með einni grein, svohljóðandi:
 - a. (13. gr.)
Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 8%.
 - b. (14. gr.)
Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í d-lið 5. gr. laganna kemur: 12%.
 - c. (15. gr.)
Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 3. mgr. 5. tölul. 28. gr. laganna kemur: 12%.

3.16 Ný kaflafyrirsögn

– Breyting á kaflafyrirsögn er gerð á eftir efnislegum breytingum á kaflanum.

- ◇ Á undan 1. gr. komi ný kaflafyrirsögn sem orðist svo: I. kafli, **Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum**.

3.17 Kaflar númeraðir

- ◇ Kaflar í tillögunni að undanskildum inngangskafla verði númeraðir.

3.18 Nýr þáttur með nýjum kafla

- ◇ Á eftir 88. gr. bætist við nýr þáttur, **Breytingar vegna tilfærslu málefna Keflavíkurflugvallar frá utanríkisráðherra til samgönguráðherra**, með einum kafla, **Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000**, með einni grein, svohljóðandi:

3.19 Nýtt/ný ákvæði til bráðabirgða

3.19.1 Eitt ákvæði

- ◇ Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar aðstoðar-seðlabankastjóra að undangenginni auglýsingu í fyrsta sinn eftir gildistöku laganna skipa hann til fjögurra ára í stað fimm ára eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 24. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar sérfræðinga í peningastefnunefnd samkvæmt ákvæðinu í fyrsta sinn við gildistöku laganna skipa einn sérfræðing til þriggja ára og annan til fjögurra ára í stað fimm ára eins og í ákvæðinu greinir.

3.19.2 Tvö eða fleiri ákvæði

- ◇ Við bætist fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
 - a. (I.)
Ákvæði 1. mgr. 4. gr. um skipun framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu gildir frá og með fyrstu skipun í starfið eftir gildistöku laga þessara. Við gildistöku laga þessara heldur framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu starfi sínu til loka skipunartíma síns.
 - b. (II.)
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýtt Jafnréttisráð, sbr. 8. gr.
 - c. (III.)
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýja kærunefnd jafnréttismála skv. 5. gr. og fellur þá niður skipun kærunefndar jafnréttismála sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 96/2000.
 - d. (IV.)
Félagsmálaráðherra skal sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins. Verkefninu skal lokið fyrir 1. janúar 2010 og skal þá fara fram endurskoðun á lögum þessum.

3.20 Nýtt fylgiskjal

- ◇ Við bætist nýtt fylgiskjal, svohljóðandi:

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2679/98
frá 7. desember 1998
um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa
vöruflutninga milli aðildarríkjanna

...

3.21 Nýr viðauki

- ◇ Við bætist nýr viðauki, svohljóðandi:

4. BROTTFALL

4.1 Orð felld brott

4.1.1 Stakt orð

◇ Orðið „hernaðaraðgerða“ í 2. mgr. falli brott.

◇ Orðið „alfarið“ í 1. efnismgr. falli brott.

– *Á fleiri en einum stað:*

◇ Orðið „leitar“ í 18., 19. og 25.–27. gr. falli brott.

4.1.2 Orðaruna

◇ Orðin „innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins til tímabundinnar dvalar“ í lokamálslið a-liðar 2. gr. falli brott.

– *Á fleiri en einum stað:*

◇ Orðin „boðuð eða gefin“ í 1., 2., 3. og 4. mgr. falli brott.

◇ Orðin „EES- eða EFTA-“ hvarvetna í greininni falli brott.

– *Fleiri en ein:*

◇ Orðin „og um skuldir“ og „og hvers konar sjóðsreikningum“ falli brott.

◇ Orðin „skv. 6. gr.“ í b-lið og „skv. 7. gr.“ í c-lið 3. gr. falli brott.

4.1.3 Tilvísun

◇ Tilvísunin „a-lið 4. tölul. 3. gr.“ í 5. mgr. falli brott.

4.1.4 Tollskrárnúmer

◇ Tollskrárnúmerin 4811.5109, 4811.5900, 4811.5909, 4811.6009, 4819.2019 og 4819.2099 í c-lið (III.) falli brott.

4.1.5 Brottfall orðs og afleiðingarbreyting

- ◇ Orðið „Ólafsfjörður“ í 1. mgr. falli brott og breytist aðsetursnúmer samkvæmt því.

1. mgr.

Landið skiptist í 25 stjórnarsýsluumdæmi auk Reykjavíkumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Sel-tjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Ólafsfjörður, 14. Akureyri, 15. Húsavík, 16. Seyðisfjörður, 17. Eskifjörður, 18. Höfn, 19. Vík, 20. Hvolsvöllur, 21. Vestmannaeyjar, 22. Selfoss, 23. Reykjanesbær, 24. Keflavíkurlflugvöllur, 25. Hafnarfjörður, 26. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–26. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Eftir breytingu:

Landið skiptist í 25 stjórnarsýsluumdæmi auk Reykjavíkumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Sel-tjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Akureyri, 14. Húsavík, 15. Seyðisfjörður, 16. Eskifjörður, 17. Höfn, 18. Vík, 19. Hvolsvöllur, 20. Vestmannaeyjar, 21. Selfoss, 22. Reykjanesbær, 23. Keflavíkurlflugvöllur, 24. Hafnarfjörður, 25. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–26. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

4.2 Málslíðir felldir brott

– *Einn:*

- ◇ 2. másl. 131. gr. falli brott.
- ◇ 5. efnismásl. 7. gr. falli brott.
- ◇ Lokamáslíður 3. efnismgr. falli brott.

– *Fleiri:*

- ◇ 4.–6. másl. 2. mgr. falli brott.
- ◇ 4. og 5. másl. 2. efnismgr. 8. gr. falli brott.

4.3 Staflíðir og tölulíðir felldir brott

– *Staflíðir:*

- ◇ D-liður 1. mgr. falli brott.
- ◇ G-liður 1. efnismgr. falli brott.
- ◇ A-liður (I.) falli brott.

◇ I-, j- og k-liðir 4. mgr. falli brott.

– *Töluliðir:*

◇ 4. tölul. falli brott.

◇ 2.–5. tölul. falli brott.

4.4 Málsgreinar felldar brott

◇ Síðari efnismálsgrein falli brott.

◇ 1. og 2. mgr. falli brott.

◇ Lokamálsgrein falli brott.

4.5 Greinar felldar brott

– *Án fyrirsagna:*

◇ 1. gr. falli brott.

◇ 5.–11. gr. falli brott.

– *Ásamt fyrirsögnum:*

◇ 5.–10. gr. falli brott ásamt fyrirsögnum.

4.6 Greinafyrirsagnir felldar brott

– Breyting á greinafyrirsögn er gerð á eftir efnislegum breytingum á greininni.

◇ Fyrirsögn greinarinnar falli brott.

◇ Fyrirsögn 3. gr., er verði 8. gr., falli brott.

4.7 Kaflar felldir brott

◇ II. kafli falli brott.

◇ II.–IV. kafli falli brott.

◇ II. kafli (7., 8. og 9. gr.) falli brott.

◇ DXXXVI. kafli, 536. gr., falli brott.

4.8 Kaflafyrirsagnir felldar brott

– Kaflafyrirsögn er felld brott á eftir efnislegum breytingum á kaflanum.

- ◇ Fyrirsögnin „I. KAFLI, **Almenn ákvæði**“ á undan 1. gr. falli brott.

4.9 Brottfall kaflaskiptingar og kaflafyrirsagna

- ◇ Kaflaskipting og kaflafyrirsagnir falli brott.

4.10 Ákvæði til bráðabirgða felld brott

- ◇ Ákvæði til bráðabirgða II falli brott.
- ◇ Ákvæði til bráðabirgða 22–26 falli brott.

4.11 Viðauki felldur brott

- ◇ Viðauki falli brott.

4.12 Númer liða (í þingsályktunartillögu) felld brott

- ◇ Númer liða falli brott.

4.13 Allsherjarbrottfall

- ◇ 1.–7. gr., b- og c-liður 9. gr., d-liður 10. gr., 11.–19. gr., 21.–23. gr., b-liður 25. gr., 26.–28. gr., b-liður 29. gr., II.–X. kafli (32.–41. gr.), 42.–44. gr. og XII.–LIV. kafli (46.–147. gr.) falli brott.

5. ÝMISLEGT ANNAD

5.1 Breytingartillaga við fram komna breytingartillögu

- Tilgreina skal í fyrirsögn breytingartillögunnar að hún sé gerð við breytingartillögu á öðru þingskjali (sem getur verið breytingartillaga eða nefndarálit með breytingartillögu) og svo kemur málsheitið innan hornklofa. Breytingar eru þá eingöngu gerðar við fram komna breytingartillögu en ekki við frumvarp eða þingsályktunartillögu.

◇ **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 1098 [Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga].

Í stað dagsetningarinnar „1. september 2013“ í b-lið 18. tölul. komi: 1. janúar 2014.

5.2 Breytingartillaga við frumvarp eða þingsályktunartillögu og breytingartillögu á öðru þingskjali (breytingartillögu eða nefndaráliti)

- Þá er það tilgreint í fyrirsögn breytingartillögunnar.

◇ **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 og breytingartillögu á þingskjali 391.

- Breytingar eru þá ýmist gerðar við breytingartillögu á öðru þingskjali eða við frumvarp eða þingsályktunartillögu. Ef breyting er gerð við breytingartillögu á öðru þingskjali þarf að tiltaka það sérstaklega með tilvísun í númer þingskjalsins.

◇ 4. tölul. brtt. á þskj. 1089 orðist svo: 6. gr. orðist svo: ...

◇ 7. tölul. brtt. á þskj. 1089 orðist svo: Við 19. gr.

- Í stað orðanna „forseti þeirrar deildar“ í 1. másl. 3. mgr. komi: formaður þeirrar deildar.
- Í stað orðsins „forseti“ í 2. másl. 3. mgr. komi: forseti fræðasviðsins.

◇ Í stað „260“ í 4. tölul. brtt. á þskj. 351 komi: 245.

◇ Brtt. á þskj. 1283 orðist svo:

2. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. orðist svo: Af víni sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205, svo og af gerjuðum drykkjarvörum í vörulið 2206 sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar: 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.

◇ Við brtt. á þskj. 398 (3. gr.).

– Röð breytinganna miðast við greinar frumvarpsins eða kafla þingsályktunartillögunnar.

- ◇ 1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo: ...
- 2. Við 2. tölul. brtt. á þskj. 466. ...
- ◇ 1. Brtt. á þskj. 1283 orðist svo: ...
- 2. Á eftir 6. gr. komi ný grein sem orðist svo: ...
- ◇ 1. Við ákvæði til bráðabirgða V. ...
- 2. Við 8. tölul. brtt. á þskj. 1263. ...
- ◇ 1. 2. tölul. brtt. á þskj. 533 falli brott.
- 2. 5. tölul. brtt. á þskj. 533 falli brott.
- 3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: ...
- ◇ 1. Við 12. tölul. brtt. á þskj. 1112 bætist ný málsgrein, svohljóðandi: ...
- 2. Á eftir 2. mgr. 37. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi: ...
- ◇ 1. Í stað orðsins „grunnvatnshlots“ í 3. tölul. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: grunnvatnsheild.
- 2. Í stað orðsins „vatnshlot“ í 6. tölul. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: vatnsheild.
- 3. Í stað orðsins „yfirborðsvatnshlot“ í 7. tölul. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: yfirborðsvatnsheild.
- 4. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðanna „gerðir vatnshlota“ í 1. tölul og tvívegis í 6. tölul. komi, í viðeigandi beygingarmynd: gerðir vatnsheilda.
- 5. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðsins „vatnshlot“ hvarvetna í 4. tölul. komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: vatnsheild.
- 6. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðsins „yfirborðsvatnshlota“ í 2. efnismgr. 4. tölul. komi: yfirborðsvatnsheild.
- 7. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðsins „grunnvatnshlota“ í 3. og 4. efnismgr. 4. tölul. komi: grunnvatnsheilda.
- 8. Í stað orðsins „vatnshlotsgerðir“ í i-lið 1. mgr. 19. gr. komi: vatnsheildargerðir.

5.3 Breytingartillaga í nefndarálit

- Hægt er að setja fram breytingartillögu í nefndarálit. Breytingin komi í lok álitsins. Ef texti þarf að koma á eftir, t.d. með nánari skýringum um fjarverandi þingmenn, fyrirvara einstakra þingmanna eða áheyrnarfulltrúa, skal sá texti aðgreindur með línubili.

- ◇ Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins til tímabundinnar dvalar“ í lokamálslið a-liðar 2. gr. falli brott.

- ◇ Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

- a. 1. efnismgr. falli brott.
- b. 2. efnismgr. orðist svo:

Þrátt fyrir 117. gr. skal ríkisskattstjóri birta á vef embættisins upplýsingar um skuldaeftirgjafir sem hver framtalsskyldur aðili hefur þegið á árunum 2009–2016 og frá hverjum þær stafa. Upplýsingarnar skulu birtar sem hér segir:

- a. Eftirgjafir veittar á tekjuárunum 2009–2011 skulu birtar á 1. ársfjórðungi 2013.
- b. Eftirgjafir veittar á tekjuárinu 2012 skulu birtar á 1. ársfjórðungi 2014.
- c. Eftirgjafir veittar á tekjuárinu 2013 skulu birtar á 1. ársfjórðungi 2015.
- d. Eftirgjafir veittar á tekjuárinu 2014 skulu birtar á 1. ársfjórðungi 2016.
- e. Eftirgjafir veittar á tekjuárinu 2015 skulu birtar á 1. ársfjórðungi 2017.
- f. Eftirgjafir veittar á tekjuárinu 2016 skulu birtar á 1. ársfjórðungi 2018.

Aðeins skal birta upplýsingarnar ef fjárhæð samanlagðrar eftirgjafar viðkomandi aðila á tímabilinu 2009–2016 nemur 100 millj. kr. eða meira og þess skal þá einnig getið frá hverjum þær stafa.

Lilja Mósesdóttir skrifar undir álitid með fyrirvara. Hún leggur til að fjárhæðarmörk frumvarpsins lækki úr 100 millj. kr. í 50 millj. kr. að því er varðar einstaklinga. Í annan stað leggur hún til að með sama hætti verði birtar upplýsingar um aðila sem á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 áttu við fall bankanna tryggðar innstæður, 100 millj. kr. í tilviki lögaðila og 50 millj. kr. í tilviki einstaklinga.

Þráinn Bertelsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Margrét Tryggvadóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitid.

- ◇ Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra og umhverfisráðherra að bæta aðgengi ferðamanna að hverasvæði Geysis og ráðast í úrbætur til að tryggja öryggi vegfarenda. Umhverfisráðherra feli Umhverfisstofnun að koma á samráðs- og framkvæmdanefnd með hlutaðeigandi aðilum vegna umsýonar og endurbóta á Geysissvæðinu. Ráðherrarnir tryggi jafnframt að skipaður verði ábyrgðaraðili sem hafi formlegt umsýonarhlutverk á svæðinu.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

5.4 Frávísun

- Frávísun er með tvennum hætti:
 - › Sé máli vísað frá (algerlega) er það gert með rökstuddri dagskrá, annaðhvort í nefndaráliti eða í sérstöku skjali.
 - › Sé máli vísað til ríkisstjórnar, eða einstaks ráðherra (sjaldgæfara), er það gert í almennum texta nefndarálits eða í sérstöku skjali.

5.4.1 Tillaga til rökstuddrar dagskrár

- Um tillögu til rökstuddrar dagskrár er fjallað í 76. gr. laga um þingsköp Alþingis:

„Meðan á umræðum stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni og skal þá afhenda forseta tillögunu um það skrifaða. Slíka tillögu má og gera í prentuðu þingskjali. Tillagan kemur eigi til afgreiðslu fyrr en við lok umræðu.“
- *Tillaga til rökstuddrar dagskrár í sérstöku skjali:*

◇

Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Bóklegt nám til að öðlast réttindi til að stjórna flugförum á ekki síður en bóklegt nám til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda að heyra undir menntamálaráðuneytið. Með frumvarpi til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands hf. er hins vegar lagt til að fella úr gildi einu lögum sem fjalla um það hvernig bóklegri menntun flugmanna skuli háttáð.

Í núgildandi lögum um Flugskóla Íslands hf. er fólgið aðhald sem ekki er innifalið í aðhaldi Flugmálastjórnar. Þá samræmist sú ráðagerð að fella brott lög um Flugskóla Íslands hf. ekki því markmiði að ávallt skuli þess freistað að tryggja almennt flugöryggi eins og nokkur kostur er hverju sinni.

Með vísan til framanritaðs samþykkir Alþingi að **vísa frumvarpinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

◇

Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frumvarp til laga um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Frá Lilju Mósesdóttur.

Með hliðsjón af eftirfarandi:

- a. mun meiri samþjöppun er á bankamarkaði hér á landi en almennt gerist í öðrum löndum og rekja má hátt vaxtastig hér á landi samanborið við önnur lönd til mikillar samþjöppunar á bankamarkaði sem hefur aukist eftir hrun,
- b. verð á hlutabréfum og þá sérstaklega bönkum er lágt núna vegna fjármálakreppunnar og því borgar sig fyrir skattgreiðendur að bíða með söluna,
- c. hlutur ríkisins í bönkunum verður keyptur af vogunarsjóðum sem nú eru lokaðir inni í hagkerfinu með mikla fjármuni en slíkir eigendur banka ógna fjármálastöðugleikanum í landinu,

samþykkir Alþingi að **málinu verði vísað frá** og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

– *Tillaga til rökstuddrar dagskrár í nefndaráliti:*

- ◇ Í ljósi alls framangreinds leggur 3. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

– *Tillaga til rökstuddrar dagskrár í nefndaráliti með varatillögu:*

- ◇ Meiri hlutinn leggur til að tillögunni verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til þess sem að framan er ritað og í ljósi þess að saksóknari Alþingis og vara-saksóknari telja að ekkert nýtt hafi komið fram í málinu og því ekki efni til þess að fjalla nánar um það samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Varatillaga:

Meiri hlutinn leggur til að þingsályktunartillagan verði **felld**.

5.4.2 Máli vísað til ríkisstjórnar (frávísunartillaga)

- Um vísun til ríkisstjórnar er fjallað í 75. gr. laga um þingsköp Alþingis:

„Þyki eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem á dagskrá er getur þingið vísað því til ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra.“

– *Frávísunartillaga í sérstöku skjali:*

◇

Frávísunartillaga

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur og Merði Árnasyni.

Þar sem málið er vanrætt innan þings og í samfélaginu, og fyrir liggja verulegar athugasemdir í umsögnum um upphaflegt þingmál um staðgöngumæðrun, er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

– *Frávísunartillaga í nefndaráliti:*

- ◇ Nefndin telur brýnt að fram fari rækileg auðlindakönnun á Íslandi til þess að skapa grundvöll fyrir mótun auðlindastefnu til framtíðar. Hér er í senn um að ræða atvinnumál og umhverfismál sem snerta allan efnahagsgrundvöll þjóðarinnar. Nefndinni er hins vegar ljóst að slík könnun er kostnaðarsöm. Nefndin telur því heppilegt að á þessu stigi verði stjórnvöldum falið að láta gera áætlun um kostnað við slíka auðlindakönnun og leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.
- ◇ Að öllu framangreindu sögðu leggur minni hlutinn til að frumvörpunum verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.
- ◇ Að öllu framansögðu er ljóst að 1. minni hluti telur að frumvarpið sé vanbúið. Einstakar greinar megi fella út og breyta öðrum. 1. minni hluti leggst gegn frumvarpinu og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til gagngerrar endurskoðunar þar sem samráð og samvinna verði höfð við alla hagsmunaaðila, sbr. tillögur í þingsályktun í þskj. 1670.

5.5 Varatillaga

– Greidd eru atkvæði um varatillögu ef aðaltillaga er felld.

- ◇ 26. gr. orðist svo:
Árleg hlutfallstala kostnaðar á neytendalánnum má ekki nema meira en 60 hundraðshlutum.

Varatillaga:

Fyrirsögn 26. gr. orðist svo: *Breytilegt þak árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.*

- *Varatillaga í sérstöku skjali:*

◇

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar (SJS).

Varatillaga:

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í tillögugreininni komi: þegar Bretar hafa aflétt frýstingu á eignum Landsbankans í Bretlandi samkvæmt ákvæðum hryðjuverkalaga.

- *Varatillaga í nefndaráliti (sjaldgæft):*

◇ Meiri hlutinn leggur til að tillögunni verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til þess sem að framan er ritað og í ljósi þess að saksóknari Alþingis og vara-saksóknari telja að ekkert nýtt hafi komið fram í málinu og því ekki efni til þess að fjalla nánar um það samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Varatillaga:

Meiri hlutinn leggur til að þingsályktunartillagan verði **felld**.

- *Fornt dæmi um varatillögu í nefndaráliti:*

◇ Samkvæmt framansögðu flyt ég við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

5. gr. falli burt.

Varatillaga:

Við 5. gr. bætist:

Af hjóladráttarvélum og hlutum til þeirra, nr. 12a og 12b í 72. tollskrárkafla, greiðist enginn söluskattur.

5.6 Viðaukatillaga (afar sjaldgæft)

- Greidd eru atkvæði um viðaukatillögu eftir að greidd hafa verið atkvæði um grein svo breytta.

◇

Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá Gunnari Inga Gunnarssyni, Árna Steinari Jóhannssyni,
og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við tillögugreinina bætist: enda samþykki meiri hluti kjósenda framkvæmdina í þjóðar-
atkvæðagreiðslu.

– *Fornt dæmi um viðaukatillögu:*

◇

Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 82 [Íslensk stafsetning].

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við tillöguna bætist (að undirlagi Friðriks Þórðarsonar málvísindamanns við Óslóar-
háskóla):

Þá skal og skáldum skyldugt að yrkja samkvæmt þeim undirstöðureglum norrænnar brag-
fræði sem héldust fram á daga Jóns biskups Arasonar, er síðastur var réttur biskup á Íslandi,
og breyting sú varð á íslensku máli sem kennd er við hljóðdvalarbyltingu. Alþingi lýsir því
yfir að öll skáld, er ort hafa á Íslandi síðan Jón biskup andaðist, skuli heita leirskáld, og
gengur yfirlýsing þessi í gildi við næstu áramót.

Nú brýtur maður í gegn þessum lýðræðislegum vilja þjóðarsamkundu vorrar, og skal hann
dæmdur í þrælkunarvinnu. Skal setja á stofn vinnusveitir þessu til framkvæmdar, og sé það
verkefni þeirra að rífa niður, sprengja í loft upp og brenna að köldum kolum víghreiður þau
er vesturheimsmenn hafa komið sér upp á Rosmhvalanesi og annars staðar á landinu, og afmá
þau uns þeirra sér engan stað framar.

Er það vilji Alþingis að það verði mjög í sama mund að fullnuð séu ákvæði þessarar
þingsályktunar og sauðfjárhagar eru algrónir á Rosmhvalanesi.

5.7 Greinargerð með breytingartillögu

– Um greinargerð með breytingartillögu segir í 2. másl. 1. mgr. 46. gr. laga um þingsköp
Alþingis: „Breytingartillögu má fylgja stutt greinargerð.“ Hafa skal greinargerðina hnit-
miðaða og aðeins til skýringar á einstökum breytingum en ekki almenna greinargerð
(sem fremur á heima í umræðu). Lýsingarorðið „stutt“ í þessu samhengi hefur verið
túlkað sem 5–10 línur.

- ◇ Í stað orðanna „allt að 2.600 lestum af óslægðum botnfiski“ í b-lið 4. gr. komi: allt að 3.285 lestum af óslægðum botnfiski.

Greinargerð.

Lagt er til að ráðstöfunarmagn til strandveiða verði í hlutfallslegu samræmi við fyrirsjáanlega aukningu heildarafla næsta fiskveiðiár en að óbreyttu stendur ráðstöfunarmagnið í lestum talið í stað þrátt fyrir að heildarafli aukist.

5.8 „Efnisgrein“ frumvarps

- sem var án greinarnúmers og gildistökuákvæðis (<http://www.althingi.is/altext/137/s/0033.html>)!
- ◇ 1. Efnisgrein frumvarpsins orðist svo:

Þar til skilyrði eru fyrir efnidum krafna á grundvelli 6. mgr. 102. gr. er skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði til bráðabirgða II, heimilt að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, og vegna innlána sem veittur var forgangsréttur með 6. gr. laga nr. 125/2008, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, ef víst er að nægilegt fé sé til að greiða að fullu kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð.
- 2. Við bætist ný grein, svohljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frumvarpstextinn:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar til skilyrði eru fyrir efnidum krafna á grundvelli 6. mgr. 102. gr. er skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði til bráðabirgða II, heimilt að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar fjármálafyrirtækis ef skilanefnd telur víst að nægilegt fé sé til að greiða að fullu kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð.

5.9 Margþættar breytingar

- Sjá einnig:
 - › <http://www.althingi.is/altext/121/s/1168.html> (Gamalt dæmi um flóknar breytingar en ekki allt til eftirbreytni; öllum 65 greinum frumvarpsins breytt auk bráðabirgða-ákvæðis, alls 66 töluliðir.)
 - › <http://www.althingi.is/altext/139/s/0350.html>
 - › <http://www.althingi.is/altext/139/s/1831.html>

- ◇ Við 2. gr.
- a. 1. mgr. a-liðar (14. gr.) orðist svo:
Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeinda-tækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af slíkri aðstöðu í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu stýrinedndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 - b. Orðin „og geymslu þar“ í 2. másl. 1. mgr. b-liðar (15. gr.) falli brott.
 - c. Á eftir orðunum „innflytjenda á“ í 4. másl. 1. mgr. b-liðar (15. gr.), komi: geymslu og.
 - d. Við 1. mgr. e-liðar (18. gr.) bætist nýr stafliður, er verði a-liður, svohljóðandi: kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.
 - e. Á eftir orðunum „Skilakerfi skal“ í 3. mgr. e-liðar (18. gr.) komi: kosta geymslu.
 - f. 4. mgr. e-liðar (18. gr.) falli brott.
 - g. Í stað „2. másl. 5. mgr.“ í 6. mgr. e-liðar (18. gr.), er verði 5. mgr., komi: 2. másl. 4. mgr.
 - h. 2. og 3. másl. 1. mgr. f-liðar (19. gr.) falli brott.
 - i. Við f-lið (19. gr.) bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 2. og 3. mgr., svohljóðandi:
Umhverfisráðherra skipar fimm manna stýrinednd raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skulu fjórir skipaðir samkvæmt tilnefningum frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar sem er formaður nefndarinnar og skal hafa sérþekkingu á samkeppnismálum.
Stýrinednd getur leitað hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum fari fram með landfræðilega skynsömum hætti. Ber henni að leita eftir áliti Samkeppniseftirlits.
 - j. G-liður 2. mgr. f-liðar (19. gr.), er verði 4. mgr., orðist svo: móta stefnu um starfsemi sína, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti, og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.
 - k. 4. mgr. f-liðar (19. gr.), er verði 6. mgr., orðist svo:
Stýrinednd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinedndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara, svo sem stofnkostnaði, rekstri skráningarkerfis, sbr. 20. gr., og kostnaði við störf stýrinedndar. Skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra innflytjenda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir upplýsingum frá stýrinednd um samsetningu gjalda. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.
 - l. 5. mgr. f-liðar (19. gr.) falli brott.
 - m. Við g-lið (20. gr.) bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
Stýrinednd getur falið öðrum aðila að annast hlutverk stýrinedndar skv. a–d-lið 4. mgr. 19. gr. með samningi. Skulu ákvæði laganna um heimildir og skyldur stýrinedndarinnar einnig gilda um samningsaðilann, svo sem um þagnarskyldu, sbr. 3. mgr. 21. gr.
 - n. A-liður 1. mgr. i-liðar (22. gr.) orðist svo: fjölda gámastæða sem til staðar skulu vera fyrir skilakerfi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, sbr. 14. gr.

*Frumvarpsgreinin:**Fyrir breytingar:*

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, Raf- og rafeindatækjaúrgangur, með níu nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (14. gr.)

Skyldur sveitarfélaga varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang.

Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu bjóða upp á móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst.

Söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber einnig að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum og er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans.

Sveitarfélögin skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga.

b. (15. gr.)

Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Framleiðandi og innflytjandi skulu bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka I. Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga og geymslu þar. Skulu framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á söfnun frá söfnunarstöð sveitarfélaga nær til landsins alls án tillits til hvar varan er seld og skal allur raf- og rafeindatækjaúrgangur sem fellur undir lög þessi fara til meðhöndlunar. Seljandi raf- og rafeindatækja sem falla undir lög þessi og seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveðið á um í reglugerð að framleiðanda og innflytjanda annarra raf- og rafeindatækja en raf- og rafeindatækja fyrir heimili sé heimilt að gera samkomulag um að kaupandi raf- og rafeindatækis yfirtaki ábyrgð skv. 1. mgr. Tilkynna ber stýri-

Eftir breytingar:

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, Raf- og rafeindatækjaúrgangur, með níu nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (14. gr.)

Skyldur sveitarfélaga varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang.

Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af slíkri aðstöðu í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu stýr- nefndar og umsógn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber einnig að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum og er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans.

Sveitarfélögin skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga.

b. (15. gr.)

Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Framleiðandi og innflytjandi skulu bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka I. Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Skulu framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á geymslu og söfnun frá söfnunarstöð sveitarfélaga nær til landsins alls án tillits til hvar varan er seld og skal allur raf- og rafeindatækjaúrgangur sem fellur undir lög þessi fara til meðhöndlunar. Seljandi raf- og rafeindatækja sem falla undir lög þessi og seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveðið á um í reglugerð að framleiðanda og innflytjanda annarra raf- og rafeindatækja en raf- og rafeindatækja fyrir heimili sé heimilt að gera samkomulag um að kaupandi raf- og rafeindatækis yfirtaki ábyrgð skv. 1. mgr. Tilkynna ber stýri-

nefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs um gerð slíkra samninga. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa við gerð tillagna að reglugerð.

...

e. (18. gr.)

Skilakerfi.

Hlutverk skilakerfis er að:

- tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélögin, alls staðar á landinu,
- tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi.

Skilakerfi skal hafa nægt fjármagn frá framleiðendum og innflytjendum til að tryggja að það geti staðið undir skuldbindingum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Skilakerfi skal safna og taka á móti og koma til meðhöndlunar því heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem samning hafa við skilakerfið hvort sem um er að ræða sameiginlegt skilakerfi eða skilakerfi sem er fjármagnað af einum framleiðanda eða innflytjanda.

Skilakerfum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 15. gr. heimilt með samningi að skipta með sér landsvæðum að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að stuðla að sem hagkvæmasti söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Leggja skal samninginn fyrir stýrinefnd til samþykktar eða synjunar.

Skilakerfi ber að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna starfsemi sinnar. Umhverfissráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð um upphæð og form hinnar fjárhagslegu ábyrgðar. Heimilt er í reglugerðinni að undanþiggja skilakerfi, sem hefur innan sinna vébanda ákveðinn fjölda framleiðenda og innflytjenda og eru með tiltekna lágmarksmarkaðshlutdeild, tryggingu um fjárhagslega ábyrgð. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

Áður en skilakerfi hefur starfsemi skal það afla leyfis Umhverfisstofnunar. Með umsókn um leyfi til rekstrar skilakerfis ber að fylgja trygging um fjárhagslega ábyrgð, sbr. þó 2. málsl. 5. mgr., ásamt umsógn stýrinefndar. Umsóknargjald er 100.000 kr. og skal það standa undir kostnaði við yfirferð umsóknar og útgáfu leyfis.

nefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs um gerð slíkra samninga. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa við gerð tillagna að reglugerð.

...

e. (18. gr.)

Skilakerfi.

Hlutverk skilakerfis er að:

- kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.
- tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélögin, alls staðar á landinu,
- tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi.

Skilakerfi skal hafa nægt fjármagn frá framleiðendum og innflytjendum til að tryggja að það geti staðið undir skuldbindingum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Skilakerfi skal kosta geymslu, safna og taka á móti og koma til meðhöndlunar því heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem samning hafa við skilakerfið hvort sem um er að ræða sameiginlegt skilakerfi eða skilakerfi sem er fjármagnað af einum framleiðanda eða innflytjanda.

Skilakerfi ber að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna starfsemi sinnar. Umhverfissráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð um upphæð og form hinnar fjárhagslegu ábyrgðar. Heimilt er í reglugerðinni að undanþiggja skilakerfi, sem hefur innan sinna vébanda ákveðinn fjölda framleiðenda og innflytjenda og eru með tiltekna lágmarksmarkaðshlutdeild, tryggingu um fjárhagslega ábyrgð. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

Áður en skilakerfi hefur starfsemi skal það afla leyfis Umhverfisstofnunar. Með umsókn um leyfi til rekstrar skilakerfis ber að fylgja trygging um fjárhagslega ábyrgð, sbr. þó 2. málsl. 4. mgr., ásamt umsógn stýrinefndar. Umsóknargjald er 100.000 kr. og skal það standa undir kostnaði við yfirferð umsóknar og útgáfu leyfis.

Skilakerfi ber að leggja fram upplýsingar til stýr- nefndar um að það uppfylli kröfur samkvæmt ákvæð- um greinar þessarar.

f. (19. gr.)

Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Sérstök stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs skal hafa umsjón með starfsemi skilakerfa. Stjórn Úr- vinnslusjóðs, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslu- gjald, fer með hlutverk stýrinefndar. Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs samkvæmt lögum um úrvinnslugjald er ekki á ábyrgð stýrinefndar.

Hlutverk stýrinefndar er að:

- halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og hafa eftirlit með því að þeir séu skráðir í skráningarkerfið,
- reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytj- enda,
- safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans og vinnslu þeirra upplýsinga og skila þeim til Umhverfisstofnunar,
- reikna hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkun sem fram kemur í viðauka I í samræmi við markaðshlutdeild,
- meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar,
- meta hvort skilakerfi geti staðið undir fjárhags- legum skuldbindingum sínum,
- taka ákvörðun um staðfestingu eða synjun samninga skv. 18. gr.

Telji stýrinefnd að skilakerfi uppfylli ekki skyldur sínar ber henni að tilkynna það til Umhverfisstofnun- ar. Stofnuninni er þá heimilt að beita skilakerfi þving- unarúrræðum samkvæmt lögum þessum og ef brot eru alvarleg að svipta skilakerfi leyfi til að starfa.

Stýrinefnd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara og skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra innflytjenda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir

Skilakerfi ber að leggja fram upplýsingar til stýri- nefndar um að það uppfylli kröfur samkvæmt ákvæð- um greinar þessarar.

f. (19. gr.)

Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Sérstök stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs skal hafa umsjón með starfsemi skilakerfa.

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skulu fjórir skipaðir samkvæmt tilnefningum frá Félagi íslenskra stór- kaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar sem er formaður nefndarinnar og skal hafa sérþekkingu á samkeppnismálum.

Stýrinefnd getur leitað hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeinda- tækjaúrgangs frá heimilum fari fram með landfræði- lega skynsömum hætti. Ber henni að leita eftir áliti Samkeppniseftirlits.

Hlutverk stýrinefndar er að:

- halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og hafa eftirlit með því að þeir séu skráðir í skráningarkerfið,
- reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytj- enda,
- safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans og vinnslu þeirra upplýsinga og skila þeim til Umhverfisstofnunar,
- reikna hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkun sem fram kemur í viðauka I í samræmi við markaðshlutdeild,
- meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar,
- meta hvort skilakerfi geti staðið undir fjárhags- legum skuldbindingum sínum,
- móta stefnu um starfsemi sína, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti, og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

Telji stýrinefnd að skilakerfi uppfylli ekki skyldur sínar ber henni að tilkynna það til Umhverfisstofnun- ar. Stofnuninni er þá heimilt að beita skilakerfi þving- unarúrræðum samkvæmt lögum þessum og ef brot eru alvarleg að svipta skilakerfi leyfi til að starfa.

Stýrinefnd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara, svo sem stofnkostnaði, rekstri skráningarkerfis, sbr. 20. gr., og kostnaði við störf stýrinefndar. Skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra innflytj-

upplýsingum frá stýrinefnd um samsetningu gjalda, svo sem stofnkostnað, rekstur skráningarkerfis og kostnað við störf stýrinefnda. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

Heimilt er að kæra ákvarðanir stýrinefndar skv. g-lið 2. mgr. til umhverfissráðherra.

g. (20. gr.)

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda a.m.k. 15 dögum áður en vara sem fellur undir viðauka I er markaðssett hér á landi.

Umhverfissráðherra skal að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar setja reglugerð um skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Í henni skal fjallað um skyldu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til stýrinefndar og á hvaða hátt það skuli gert. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

...

i. (22. gr.)

Reglugerðir um raf- og rafeindatæki.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar sem leita skal umsagnar um tillögurnar hjá stýrinefnd, skilakerfum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

- a. fjöldi gámastæða á söfnunarstöðvum sveitarfélaga sem þeim ber að bjóða upp á, sbr. 14. gr.

...

enda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir upplýsingum frá stýrinefnd um samsetningu gjalda. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

g. (20. gr.)

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda a.m.k. 15 dögum áður en vara sem fellur undir viðauka I er markaðssett hér á landi.

Stýrinefnd getur falið öðrum aðila að annast hlutverk stýrinefndar skv. a-d-lið 4. mgr. 19. gr. með samningi. Skulu ákvæði laganna um heimildir og skyldur stýrinefndarinnar einnig gilda um samningsaðilann, svo sem um þagnarskyldu, sbr. 3. mgr. 21. gr.

Umhverfissráðherra skal að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar setja reglugerð um skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Í henni skal fjallað um skyldu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til stýrinefndar og á hvaða hátt það skuli gert. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

...

i. (22. gr.)

Reglugerðir um raf- og rafeindatæki.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar sem leita skal umsagnar um tillögurnar hjá stýrinefnd, skilakerfum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

- a. fjöldi gámastæða sem til staðar skulu vera fyrir skilakerfi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, sbr. 14. gr.

...